FRÉTTABLAÐIÐ

141. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. JÚNÍ 2019

## Jón Bjarnason efar hlutleysi Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, dregur í efa að Hæstiréttur hafi verið hlutlaus er dómur var kveðinn upp í desember í fyrra þar sem ríkið var gert skaðabótaskylt vegna úthlutunar makrílkvóta. Hann segir að útgerðir ættu frekar að þakka honum fyrir að hafa staðið í lappirnar gagnvart ESB.

Kveðst Jón telja að Hæstiréttur hafi horft fram hjá meginmarkmiðum fiskveiðistjórnunarlaga um að það beri að stýra veiðum út frá þjóðarhagsmunum en ekki hagsmunum einstakra fyrirtækja.

**Þeir ættu miklu frekar að þakka ráðherra fyrir að hafa komið skikkan á veiðarnar og varið rétt Íslands til makrílveiða.**



Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra

Jón, sem var sjávarútvegsráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, fór ekki að lögum þegar makrílkvóta var úthlutað. Umboðsmaður Alþingis hafði komist að þeirri niðurstöðu árið 2014. Hæstiréttur komst að sams konar niðurstöðu í desember síðastliðnum.

Jón segir makalaust „ef útgerðir hafi í sér siðferðis- og samfélagslega að höfða mál til að fá bætur frá ríkinu", eins og hann orðar það. „Þeir ættu miklu frekar að þakka ráðherra fyrir að hafa komið skikkan á veiðarnar og varið rétt Íslands til makrílveiða."

Jón gagnrýnir einnig að ríkislögmaður hafi ekki tryggt hlutlausan dómstól. Bendir hann á að einn af hæstaréttardómurum í makrílmálinu, Árni Kolbeinsson, var ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu árin 1985 til 1998. Jón bætir við að frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar um makrílveiðar, sem samþykkt var á Alþingi í gær, verji ekki hagsmuni þjóðarinnar. „Sú lagabreyting er óttaleg hrákasmíð." – sa / sjá síðu 6



# Mikilvægasta verkefni framtíðarinnar

Loftslagsmálin eru efst á lista jarðarbúa yfir brýnustu mál framtíðarinnar. Taka þarf strax í taumana. Einstaklingar verða sífellt meðvitaðri en fyrirtæki og stofnanir þurfa ekki síður að leggja sitt af mörkum. 12

## Hlaupahjólin í takt við tímann

**UMHVERFISMÁL** „Rafmagnshlaupahjól eru algjörlega í takt við okkar stefnu um breyttar ferðavenjur," segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur.

Á Akureyri eru menn einnig opnir fyrir nýjunginni. „Við höfum ekki rætt rafmagnshlaupahjól neitt sérstaklega en það er markmið okkar að opna fyrir annan samgöngumáta en bara bílinn. Þetta rímar vel við það," segir Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Akureyrar. – ab / sjá síðu 2




### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Eignarréttur nær ekki til þýfis, skrifar Þorvaldur Gylfason. 21

**SPORT** Hildigunnur búin að semja við Leverkusen. 26

**TÍMAMÓT** Sólstöðuganga verður um Viðey annað kvöld með fróðu og hressu fólki. 28

**MENNING** Hljóðbylgjur leiddar í risastóra laug og rými fært á milli staða. 32

**LÍFIÐ** Sara spilar á Secret Solstice. 38



PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðlæg átt, víða 5-10 m/s. Dálítil rigning eða súld á N- og A-landi, annars skýjað með köflum og stöku skúrir SA-lands. Hiti 4 til 15 stig, hlýjast á S-landi. SJÁ SÍÐU 30

# Andspyrna gegn VR

**FJÁRMÁL** „Yfirlýsingum um annarlegan tilgang eðlilegra vaxtabreytinga er vísað til föðurhúsanna,“ segir í tilkynningu frá stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í kjölfar ummæla formanns VR um vaxtabreytingar og ákvörðunar stjórnar VR um að skipta um fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins.

Að sögn stjórnar lífeyrissjóðsins voru vextir á stórum hluta lána lækkaðir í takt við áherslur í nýgerðum kjarasamningum. „Stóryrtar yfirlýsingar um að stjórn lífeyrissjóðsins hafi einungis verið að hækka vexti lána, byggja því á afar veikum grunni, svo ekki sé dýpra í árinni tekið,“ segir stjórnin. Hagsmunir sjóðfélaga og lántakenda væru hafðir að leiðarljósi. Ekki græðgi, geðþótti og illkvittni.



**Ólafur Reimar Gunnarsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.**

Fjármálaeftirlitið minnti í gær á að lögum samkvæmt eigi lífeyrissjóðir að varðveita og ávaxta iðgjöld og greiða lífeyri.

„Telur Fjármálaeftirlitið að stjórnarmönnum lífeyrissjóða sé óheimilt að beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir séu nýttir í öðrum tilgangi en þeim sem að framan var lýst,“ segir í yfirlýsingunni.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, ræddi málið á Facebook í gær.

„Eigum við að sætta okkur við að lífeyrissjóðunum okkar sé alfarið stjórnað á forsendum fjármálakerfisins, eins og verið hefur, eða eigum við sem verkalýðshreyfing að beita okkur fyrir því að áherslur okkar um betri lífskjör, siðferði og samfélagslega ábyrgð fái raunverulegt vægi þar inni?“ spurði Ragnar. **– gar**

## Nýtt líf




**Mjaldrasysturnar Litla-Hvít og Litla-Grá lentu á Keflavíkurflugvelli í gær eftir ferðalag frá Kína og lögðu af stað síðdegis til Landeyjahafnar þaðan sem sigla átti með þær til nýrra heimkynna í Vestmannaeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS
Fleiri myndir af flutningi hvalanna eru á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Lengsta degi ársins fagnað

**NÁTTÚRA** Á morgun eru sumarsólstöður á norðurhveli jarðar og er morgundagurinn lengsti dagur ársins.

Sólarupprás verður í Reykjavík klukkan 02.55 næstu nótt og sólsetur rúmum tuttugu og einum tíma síðar, þrjár mínútur yfir miðnætti.

Á Hraunborgum í Grímsnesi verður sumarsólstöðum fagnað að sænskum sið með miðsumarshátíð, en slík hátíðarhöld hafa ekki verið algeng hér á landi. Hátíðin hefst í dag og stendur yfir alla helgina. Markmið hátíðarinnar er að fjölskyldan njóti náttúrunnar og birtunnar saman.

„Hátíðin snýst um að við skemmtum okkur og njótum þess að vera saman, notum náttúruna, þiggjum gjafir hennar og njótum birtunnar,“ segir Drífa Björk Linnet, eigandi Hraunborga. **– bdj**

# Borgin opin fyrir leigu rafmagnshlaupahjóla

**Rafmagnshlaupahjól sækja í sig veðrið í borgum erlendis. Geta þá gangandi vegfarendur gripið í slíkt hjól og greitt fyrir skammtímaleigu með appi. Formenn skipulagsráða Reykjavíkur og Akureyrar eru opnir fyrir þjónustunni.**

**SAMGÖNGUR** „Við erum mjög opin fyrir þessu. Rafmagnshlaupahjól eru algjörlega í takt við okkar stefnu um breyttar ferðavenjur,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur.

„Við sjáum þetta í borgum um allan heim að þetta er alltaf að verða stærri hluti af ferðamáta fólks. Þetta er að verða algengara og algengara hér heima líka,“ segir Sigurborg.

Víða í borgum erlendis er hlaupahjól af þessu tagi að finna á götuhornum þar sem hver sem er getur gripið eitt slíkt. Hlaupahjólin eru virkjuð með appi þar sem greidd er skammtímaleiga sem miðast við ekna vegalengd. Hjólin kosta um 70 þúsund krónur hér á landi. Þau eru með tæplega 30 kílómetra drægi.

Sigurborg telur svona hlaupahjól geta haft þó nokkur áhrif á umferðina í borginni, en þá þarf að huga að aðgengi.

„Við sjáum fyrir okkur að svona hjól yrðu staðsett á fjölmennum strætisvagnastoppum, háskólum og stórum vinnustöðum. Svo eru margir sem vilja bara eiga sitt hjól.“

Borgin myndi ekki reka þjónustuna. „Við erum ekki búin að semja við neinn aðila eins og er, að minnsta kosti ekki enn þá. En vonandi breytist það í sumar,“ segir Sigurborg. Ef einhver byði sig fram þá þyrfti að skoða með hvaða hætti boðið yrði upp á hlaupahjólin.

„Sumir segja að það sé best að hafa þau á sérstökum stöndum, eins og við þekkjum með WOW-reiðhjólin. Á meðan segja aðrir best að hafa þau þar sem notendur skilja við þau, þar getur sá næsti sótt sér hlaupahjól. Það eru bæði kostir og gallar við báða þessa möguleika,“ segir Sigurborg sem telur veðurfar ekki eiga að koma í veg fyrir notkun slíkra hjóla í Reykjavík.




**Rafmagnshlaupahjól eru víða í borgum erlendis. Þau eru rekin af sérstökum fyrirtækjum sem rukka notendur í gegnum app.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Akureyrar.**

„Það er ekki snjóþyngra hjá okkur en í öðrum borgum þar sem þetta er í boði. Það er meira að segja kaldara í Ósló oft og tíðum,“ segir Sigurborg. Á suðvesturhorninu séu vetur stundum snjóléttir. Kippa mætti hjólunum inn er illa viðrar.

Það eru fleiri sveitarfélög en Reykjavík sem eru opin fyrir rafmagnshlaupahjólum.

„Við höfum ekki rætt rafmagnshlaupahjól neitt sérstaklega en það er markmið okkar að opna fyrir annan samgöngumáta en bara bílinn. Þetta rímar vel við það,“ segir Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Akureyrar.

„Við höfum verið að vinna nýtt stígaskipulag á Akureyri. Það er ekki komið til framkvæmda enn þá, en við erum að horfa til stofnstíga sem fylgja ekki endilega stofnbrautunum. Þannig verður hægt að komast hraðar milli staða án þess að nota bíl. Þá verður hægt að nota hjól, hjólabretti eða svona rafmagnshlaupahjól.“

Sigurborg segir rafmagnshlaupahjól eiga að vera hluta af orkuskiptunum sem ríkisstjórnin stefnir að.

„Það er alltaf verið að tala um að skipta úr bensínbílum í rafmagnsbíla, það getur líka átt við rafmagnshlaupahjól.“

**arib@frettabladid.is**

**Garðsláttuvélar**
**sem slá á þínum gönguhraða**




Það er leikur einn að slá með nýju garðsláttuvélunum frá CubCadet. Þær eru með MySpeed hraðastilli sem aðlagar keyrsluhraða vélanna að þínum gönguhraða.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is









# Frá Kína til Heimaeyjar

Flutningabílar með mjaldrana Litlu-Grá og Litlu-Hvít fóru seinnipartinn í gær frá Keflavíkurflugvelli í lögreglufylgd eftir Suðurlandsvegi áleiðis til Landeyjahafnar. Þaðan var ferðinni heitið í gærkvöldi með Herjólfi til Vestmannaeyja. Þar verða hvalirnir í sóttkví í fjórar vikur eins og gildir um gæludýr sem koma til landsins að sögn Sigríðar Gísladóttur, dýralæknis hjá Matvælastofnun.













HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Sjáðu**
Húsasmiðjublaðið
á husa.is




**Garðhúsgögn -20% • Pallaolía -20% ALKO sláttuvélar -20%**
**Texas sláttuvélar -25% • Claber garðvörur -25%**
**Fiskars garðvörur -20% • Nilfisk háþrýstidælur -20-30%**
**Reiðhjól -20% • LADY innimálning -25%**
**Avasco hillurekkar -20% • Jumbo tröppur og stigar -20%**
**... auk hundruðir annarra sumartilboða**

40% afsláttur
**Margarita**
**1.190kr**
~~1.990kr~~

**Stjúpur 10 stk.**
**990kr**

44% afsláttur
**Sólboði**
**990kr**
~~1.790kr~~

50% afsláttur
**Sýpris**
**999kr**
~~1.990kr~~

29% afsláttur
TEXAS
**49.995kr**
~~69.995kr~~
**Sláttuvél Razor 4680 TR/W með drifi**
B&S mótor, 140 cc, 1,94 kW, 46 cm sláttubreidd, 6 hæðarstillingar 28-75 mm eitt handtak, sláttukerfi 4in1, 65 ltr., safnari.
5085303

Broil King
**49.990kr**
~~61.990kr~~
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

# TAX FREE
## pallaefni

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

**Sýnum ábyrgð í umhverfismálum.**
**Okkar pallaefni kemur úr sjálfbærum skógum**

*Tax free jafngildir 19,35% afslætti

# Tillögur minnihlutans um Seðlabankann samþykktar á Alþingi

**STJÓRNMÁL** Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis studdi í gær breytingartillögur minni hluta nefndarinnar við frumvarp forsætisráðherra um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Sameiningin hefur verið gagnrýnd mjög bæði af þingmönnum minnihlutans og eftirlitsstofnunum. Í ræðu á Alþingi í gær varaði Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sérstaklega við hættu á flokkspólitískum áhrifum á starfsemi Seðlabankans. Breytingarnar gerðu Seðlabankann að mjög valdamikilli stofnun og því ekki ólíklegt að stjórnmálamenn vilji hafa áhrif á starfsemi hans.

„Þess vegna hef ég varað við því að verið sé að bjóða upp á að flokkspólitískir hagsmunir ráði för frekar en faglegt mat við ráðningu embættismanna,“ sagði Oddný og vísaði til að forsætisráðherra eigi að ráða tvo yfirmenn sameinaðrar stofnunar og fjármálaráðherra tvo.

Tillögur minni hlutans sem meiri hlutinn féllst á, fela meðal annars í sér auknar hæfniskröfur til fulltrúa í bankaráði Seðlabankans, fastari ramma um verkefni bankaráðs, að starfsemi bankans verði háð reglubundnu ytra mati og að formennska fjármálaeftirlitsnefndar verði í höndum varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits í stað seðlabankastjóra.

Ekki var búið að greiða atkvæði um frumvarpið er Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. **– aá**

> **Hef ég varað við því að verið sé að bjóða upp á að flokkspólitískir hagsmunir ráði för frekar en faglegt mat við ráðningu embættismanna.**
>
> Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar



**Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fjármálin ein eftir á dagskrá

**STJÓRNMÁL** „Ég geri ráð fyrir að þetta klárist að megninu í kvöld,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, skömmu áður en Fréttablaðið fór í prentun í gær. Gert var ráð fyrir að aðeins fjármálaáætlun og fjármálastefna yrðu óafgreidd og verða þau mál rædd saman á þingfundi í dag.

Meðal þeirra mála sem samþykkt voru sem lög frá Alþingi í gær voru lög um gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó og lög um stjórn veiða á makríl sem sett voru til að bregðast við dómi Hæstaréttar. Samþykktar voru ályktanir Alþingis um endurskoðun lögræðislaga, ályktun um skipun starfshóps um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum og ályktun um gerð aðgerðaráætlunar um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna. Þá fengu 32 einstaklingar ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi.

Þegar blaðið fór í prentun voru, auk framangreindra mála, fyrirhugaðar atkvæðagreiðslur um tvö umdeild mál; um heimild til innflutnings á ófrosnu kjöti og lög um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Segir breyttan veruleika kalla á breytingar á leikreglunum

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir breyttan veruleika stjórnmála kalla á breyttar leikreglur. Taka þurfi mið af því að flokkar sem standi utan ríkisstjórnar hafi ekki samið um myndun stjórnarandstöðu. Málskot minnihluta til þjóðarinnar hefur kosti og galla að mati stjórnmálafræðings.**

**STJÓRNMÁL** „Við erum í nýjum veruleika sem ekki aðeins íslensk stjórnmál standa frammi fyrir heldur stjórnmál um allan heim og leikreglurnar þurfa að endurspegla raunveruleika stjórnmálanna,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Hún segir að flokkar sem ákveði að mynda ríkisstjórn geti ekki með samstarfi sínu þvingað aðra flokka sem standa utan þeirrar stjórnar til að vinna saman.

Í ræðu sinni á Alþingi í gær um frumvarp sem mælir fyrir um heimild til innflutnings á ófrosnu kjöti, kallaði Þorgerður eftir því að betra skikki yrði komið á brag þingsins.

„Mér finnst vont að sjá að einn flokkur á Alþingi geti náð fram breytingum á svona máli með yfirgangi og óbilgirni eins og var í þessu máli. Það er hægt að kalla það staðfestu en mér finnst það vera óbilgirni,“ sagði Þorgerður í ræðu sinni og vísaði til samnings ríkisstjórnarinnar og Miðflokksins um þinglok. Þorgerður kallaði eftir því að allir stjórnmálaflokkar tækju starfið á Alþingi til skoðunar á næsta þingi og færu „yfir allt sem heitir málþóf og málþófstæki,“ sagði Þorgerður Katrín í ræðu sinni.

Katrín Jakobsdóttir sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hún hygðist óska eftir því við forseta þingsins að sett yrði af stað vinna við endurskoðun þingskapa til að sporna við málþófi. Nefndi Katrín sérstaklega þá hugmynd að tiltekinn minnihluti þingmanna gæti vísað málum til þjóðarinnar og með því mætti standa vörð um áhrif stjórnarandstöðunnar á Alþingi þótt reglum um ræðutíma yrði breytt til að sporna við málþófi.

Aðspurð um þessar hugmyndir forsætisráðherra segir Þorgerður að allar leiðir sem til þess eru fallnar að þrýsta á samráð og samvinnu þvert á flokka séu af hinu góða og slík ákvæði geti vel verið til þess fallin. Sá möguleiki að málum verði vísað til þjóðarinnar kalli á aukið samráð við flokka í stjórnarandstöðu. Þjóðaratkvæðagreiðslur séu hins vegar vandmeðfarið tæki og vanda þurfi setningu reglna um þær.



**Þorsteinn Sæmundsson og Bergþór Ólason fluttu margar ræður um um þriðja orkupakkann.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Miðflokksins.**

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, tekur í svipaðan streng. „Þjóðaratkvæðagreiðslur eru tæki. Til dæmis eins og hamar til að reka nagla í vegg en síðri til að draga tönn úr gómi. Eins er um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þær geta verið gagnlegar við sumar aðstæður en skaðlegar við aðrar.“

Eiríkur segir vandamálið við beitingu þessa tækis í tengslum við þinglega meðferð mála að þjóðaratkvæðagreiðslur henti ekki sérlega vel þegar um er að ræða mjög flókin tæknileg mál sem þurfi jafnvel mikla sérfræðilega þekkingu til að skilja til hlítar. Þær henti betur fyrir mál sem búið er að vinna ítarlega og fyrir liggja skýrir valkostir. Hann nefnir sem dæmi ákvörðun um hvort það eigi að vera flugvöllur í Vatnsmýri eða hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Örðugt gæti verið að koma ákvæði um heimild þriðjungs þingmanna til að óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu til framkvæmdar enda þyrfti stjórnarskrárbreytingu ef niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu ætti að vera bindandi. Þá eru áhöld um hvort úrræðið hafi raunverulega virkni þegar minni hlutinn á Alþingi er klofinn eins og nú er. Þriðjungur þingmanna er 21. Miðflokkurinn hefur níu þingmenn. Aðrir flokkar í stjórnarandstöðu hafa samanlagt 19 þingmenn. **adalheidur@frettabladid.is**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST
Jeep
THERE'S ONLY ONE

MIÐNÆTURHLAUP SUZUKI




**MIÐNÆTURHLAUP SUZUKI FER FRAM Í LAUGARDALNUM, FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 20. JÚNÍ 2019.**

- FRÍTT Í SUND FYRIR ALLA ÞÁTTAKENDUR
- POWERADE DRYKKJARSTÖÐVAR
- GLÆSILEG VERÐLAUN
- VEGALENGDIR VIÐ ALLRA HÆFI
- TILVALIÐ FYRIR FJÖLSKYLDUR OG VINAHÓPA

SKRÁNING OG AFHENDING GAGNA FER FRAM Í LAUGARDALSHÖLL Í DAG FRÁ KLUKKAN 16 OG ÞAR TIL 45 MÍNÚTUM FYRIR HVERJA RÆSINGU.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á MIDNAETURHLAUP.IS**



SUZUKI ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI MIÐNÆTURHLAUPS SUZUKI

# Nær að þakka en að krefja ríkið bóta

**Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, gagnrýnir útgerðir sem ætli sér að sækja bætur til ríkisins vegna makrílkvóta. Telur að þau ættu að þakka fyrir að ráðherra hafi staðið í lappirnar og varið rétt þeirra. Gagnrýnir einnig ríkislögmann og Hæstarétt.**


Makríllinn kom á góðum tíma fyrir íslenskt þjóðarbú og mokveiddist í upphafi áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Hæstiréttur horfði fram hjá meginmarkmiðum fiskveiðistjórnunarlaga um að það beri að stýra veiðum út frá þjóðarhagsmunum en ekki hagsmunum einstakra fyrirtækja, að mati Jóns Bjarnasonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

Jón dregur í efa að Hæstiréttur hafi verið hlutlaus þegar dómur var kveðinn upp í desember í fyrra þar sem ríkið var gert skaðabótaskylt vegna úthlutunar makrílkvóta. Hann segir að útgerðir ættu frekar að þakka honum fyrir að hafa staðið í lappirnar gagnvart ESB.

„Enn er ósamið um makríl milli ríkja og því er það svo fáránlegt að einstaka útgerðir geta verið að gera kröfur til þess og hins í óumsömdum hlutaskiptum veiða,“ segir Jón.

Jón, sem var sjávarútvegsráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, fór ekki að lögum þegar makrílkvóta var úthlutað. Umboðsmaður Alþingis hafði komist að þeirri niðurstöðu árið 2014. Hæstiréttur komst að sams konar niðurstöðu í desember síðastliðnum.

„Einnig þykir mér makalaust ef útgerðir hafi í sér siðferðis- og samfélagslega að höfða mál til að fá bætur frá ríkinu. Þeir ættu miklu frekar að þakka ráðherra fyrir að hafa komið skikkan á veiðarnar og varið rétt Íslands til makrílveiða,“ segir sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi.

„Því sá réttur var ekki sjálfsagður á þessum tíma. Ísland stóð í hörðum deilum við ESB sem neitaði að viðurkenna að hér væri makríll og hótaði umfangsmiklu viðskiptabanni með íslenskan fisk ef við hættum ekki makrílveiðum. Það hefði ekki verið til framdráttar fyrir þessi útgerðarfélög ef ráðherra hefði ekki staðið í lappirnar og hafnað kröfum ESB sem á sama tíma setti löndunarbann á Færeyjar vegna veiða á makríl og síld,“ bætir hann við.


Jón Bjarnason

Jón gagnrýnir einnig að ríkislögmaður hafi ekki tryggt hlutlausan dómstól. Bendir hann á að einn af hæstaréttardómurum í makrílmálinu, Árni Kolbeinsson, var ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu árin 1985 til 1998. Einnig greindi Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, frá því að sonur hans hefði verið framkvæmdastjóri LÍÚ og haft ríka aðkomu að kröfugerðum á hendur ríkinu í tengslum við makrílhagsmuni.

„Þessi mál eru afar pólitísk og umdeild og voru það frá byrjun að þessi lög eins og lögin um kvótalögin voru. Mér finnst skrítið að hæstaréttardómari, sem hefur áður átt beina hlutdeild að máli með samningu og setningu mjög umdeildra laga á sínum tíma, skuli líka kallaður til sérstaklega til að dæma í Hæstarétti um svo umdeilt mál. Hann hafði áður komið að virkum hætti sem ráðuneytisstjóri þess tíma,“ segir ráðherrann fyrrverandi.

„Og ég er hissa á því að ríkislögmaður skuli ekki hafa farið fram á að hann viki úr dómnum vegna fyrri tengsla við málið til að tryggja að dómurinn sé hlutlaus og réttmætur,“ heldur Jón áfram. Hann kveðst hafa verið þess fullviss á sínum tíma að reglugerðin stæðist lög og gott betur en það.

> **Þykir mér makalaust ef útgerðir hafi í sér siðferðis- og samfélagslega að höfða mál til að fá bætur frá ríkinu.**
>
> Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra

„Reglugerðin var nauðsynleg á sínum tíma til að koma skipulagi á makrílveiðar,“ segir Jón. „Undirréttur dæmdi þetta lögmætt og þess vegna átti ríkislögmaður að gæta þess að Hæstiréttur væri hlutlaus.“

Jón bætir við að frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar um makrílveiðar, sem samþykkt var á Alþingi í gær, verji ekki hagsmuni þjóðarinnar. „Sú lagabreyting er óttaleg hrákasmíð þar sem verið er að fara á svig við meginhagsmuni þjóðarinnar hvað varðar stjórnun, ráðstöfun og nýtingu auðlindarinnar.“

sveinn@frettabladid.is


Gott úrval notaðra bíla | benni.is



OPEL CORSA E
Nýskráður: 2015 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 32.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.



HONDA JAZZ
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 10.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.



SUZUKI GRAND VITARA LUXURY
Nýskráður: 2010 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 118.000 km.
Verð: 1.490.000 kr.



SSANGYONG REXTON DLX
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 96.000 km.
Verð: 3.490.000 kr.
Tilboð: 2.890.000 kr.



NISSAN X-TRAIL
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
Verð: 4.590.000 kr.

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Bílabúð Benna | Kíktu í sýningarsali okkar

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

# 20% afsláttur

af öllum 16”-26”
Dagana 20.-23. júní



16” Ultra
**22.399**
Verð áður 27.999

20” Speedster
**31.999**
verð áður 39.999



20” Alissa
**31.999**
verð áður 39.999



24” Speedster
vnr. 961589
**35.199**
verð áður 43.999



26” Speedster
**36.799**
Verð áður 45.999



26” Romero
**43.999**
verð áður 54.999



26” Julia
**43.999**
verð áður 54.999



Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Hafna áliti um þátt prinsins í morðinu

**SÁDI-ARABÍA** Adel al-Jubeir, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, hafnaði í gær því sem segir í nýrri skýrslu sérfræðings Sameinuðu þjóðanna um aftökur án dóms og laga, um að raunveruleg sönnunargögn væru fyrir því að Mohammed bin Salman krónprins og aðrir hátt settir embættismenn væru ábyrgir fyrir morðinu á blaðamanninum Jamal Khashoggi.

„Þetta er ekkert nýtt. Þessi erindreki mannréttindaráðsins endurtekur í ráðgefandi skýrslu sinni það sama og hefur verið áður birt. Í skýrslunni má finna skýrar þversagnir og tilhæfulausar ásakanir sem draga úr trúverðugleika hennar,“ sagði al-Jubeir.



**Mohammed bin Salman prins.**

Skýrsluhöfundur, Agnes Callamard, komst að sögn Reuters að þeirri niðurstöðu að morðið á Khashoggi hefði verið þaulskipulagt. Skýrslan byggir á upptökum og vettvangsgreiningu tyrkneskra rannsakenda og upplýsingum sem hafa komið fram fyrir dómi í Sádi-Arabíu.

Khashoggi skrifaði meðal annars í Washington Post og gagnrýndi krónprinsinn oft harðlega. Hann var myrtur á ræðisskrifstofu Sádi-Araba í tyrknesku borginni Istanbúl í október síðastliðnum. **– þea**

## Afmæli fagnað



Stjórnvöld í Mjanmar deildu þessari mynd með umheiminum í gær. Mjanmarskir borgarar höfðu þá stillt sér upp og myndað saman stóra mynd af Aung San Suu Kyi ríkisráðgjafa. 74 ára afmæli hennar var fagnað í Yangon í gær. Orðspor Suu Kyi, sem er einnig þjóðarleiðtogi Asíuríkisins, hefur beðið töluverðan hnekki undanfarin misseri vegna meints þjóðarmorðs á þjóðflokki Róhingja í Rakhine-ríki Mjanmars. NORDICPHOTOS/AFP

# Tíu milljónir án matar í Norður-Kóreu

**Bæði Suður-Kórea og Kína senda Norður-Kóreu tugþúsundir tonna af hrísgrjónum. Dugar skammt því að þörfin er talin vera 1,5 milljónir tonna. Fjörutíu prósent landsmanna sögð búa við sáran skort. Staðan flókin vegna skorts á upplýsingum, þvingana og óáreiðanleika Kim-stjórnarinnar.**



**Norðurkóreskir bændur við vinnu á hrísgrjónaakri í Chongsan-ri í maí.** NORDICPHOTOS/AFP

**NORÐUR-KÓREA** Stjórnvöld í Suður-Kóreu munu senda 50.000 tonn af hrísgrjónum til nágrannanna í Norður-Kóreu í gegnum Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP). Suðurkóreski miðillinn Yonhap greindi frá þessu í gær. Þetta er fyrsta matarsendingin frá árinu 2010 en þá sendi Suður-Kórea 5.000 tonn.

„Við búumst við því að þessi mataraðstoð verði komin til norðurkóresku þjóðarinnar eins fljótt og auðið er. Tímasetning og umfang framtíðaraðstoðar verður svo ákveðin með árangur þessarar sendingar í huga,“ var haft eftir Kim Yeon-chul sameiningarráðherra.

Grjónin eru um 13,5 milljarða íslenskra króna virði. Kim sagði ólíklegt að einræðisríkið gæti nýtt grjónin í öðrum tilgangi en að fæða þjóðina þar sem erfitt myndi reynast að geyma þau til lengri tíma.

Kínverjar tilkynntu fyrr í vikunni um sams konar gjöf. Xi Jinping forseti er sagður ætla að gefa Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, og þjóð hans 100.000 tonn af hrísgrjónum. Greint var frá því í kínverskum miðlum að Xi væri á leið til Norður-Kóreu í dag.

Þessi aðstoð er til komin vegna ört minnkandi matvælaöryggis í hinu einangraða einræðisríki. Sendiherra Norður-Kóreu hjá Sameinuðu þjóðunum biðlaði til ríkja heims um aðstoð í febrúar vegna stöðunnar. Sagði útlit fyrir að brúa þyrfti 1,5 milljóna tonna bil á árinu.

Þau 150.000 tonn sem Kína og Suður-Kórea senda nú hjálpa til við að brúa bilið. En eru að sögn Benjamins Silberstein, sérfræðings í málefnum Norður-Kóreu er heldur úti vefritinu North Korea Economy Watch, ekki nema plástur á sárið.

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) varaði við því í febrúar síðastliðnum að það mætti eiga von á því að staðan yrði enn svartari. „Ekki einungis vegna náttúruhamfara og veðurs heldur einnig skorts á ræktanlegu landi, takmarkaðs aðgengis að nútímalandbúnaðartækni og áburði. Vegna þessa er búist við því að matvælaöryggi minnki, sérstaklega á meðal þeirra allra viðkvæmustu,“ sagði í yfirlýsingu þá.

## Xi heimsækir Kim

Xi Jinping, forseti Kína, heimsækir Kim Jong-un í dag og dvelur í einræðisríkinu í tvo daga. Bæði norðurkóreska ríkisblaðið Rodong Sinmun og kínverski miðillinn Xinhua birtu umfjallanir af þessu tilefni.

Kínverski forsetinn fór þar fögrum orðum um Kim og sagði Norður-Kóreu á réttri leið. Ríkið reyndi nú að leysa úr spennunni á Kóreuskaga. Xi er ekki fyrsti kínverski forsetinn til þess að skrifa í norðurkóreska dagblaðið eða heimsækja Kim-fjölskylduna, en ríkin hafa lengi verið bandamenn.

Samkvæmt fréttastofu AP má búast við því að Xi ræði við Kim um kjarnorkuafvopnun Kóreuskagans. Frost er nú í viðræðum Norður-Kóreu og Bandaríkjanna um málið. Á sama tíma á Xi í erfiðu tollastríði við Bandaríkin. Því telja þeir sérfræðingar sem AP vitnaði til líklegt að Xi reyni að nýta sér bandalagið við Norður-Kóreu er hann hittir Donald Trump Bandaríkjaforseta á G20-fundinum í Japan um næstu helgi.

Í maí bentu FAO og WFP svo á að norðurkóresk matarframleiðsla árið 2018 hefði verið sú minnsta frá því 2008. Þar af leiðandi byggju tíu milljónir, eða fjörutíu prósent landsmanna, við sáran skort.

Norðurkóreska ríkisfréttastofan KCNA hefur einnig flutt fréttir þar sem áhyggjum er lýst af ástandinu. Fyrr í mánuðinum var greint frá miklum þurrkum í Suður-Hwanghae-héraði, þar sem stór hluti hrísgrjónaræktar landsins fer fram.

Ákvörðun Suður-Kóreustjórnar um að aðstoða, sem og að gefa um 400 milljónir króna til verkefna UNICEF í Norður-Kóreu, er þó ekki óumdeild. Samkvæmt Yonhap hafa andstæðingar þessa verkefnis sagt að verið sé að aðstoða ríki sem ógnar nágrönnum sínum, nú síðast með eldflaugatilraun í maí. Þá greindi Reuters frá því að andstæðingar óttist einnig að einræðisstjórn Kim nýti sendingarnar til þess að hagnast persónulega.

Annar stór óvissuþáttur er sá að Matvælaáætlunin fær takmarkaðan aðgang að upplýsingum um raunverulega stöðu mála í Norður-Kóreu. Fyrrnefndur Silberstein hefur bent á að það sé ekki hægt að fullyrða að neyðarástand ríki nú, þótt allt bendi vissulega til þess. „Þetta verður að breytast, WFP ætti að krefjast aðgangs að mörkuðum á eins mörgum svæðum og hægt er, eða að minnsta kosti heimsækja nokkra markaði í hverju héraði,“ skrifaði Silberstein í 38North.

Þá er einnig vert að benda á að Norður-Kórea sætir miklum viðskiptaþvingunum. Þær þvinganir banna ekki, samkvæmt Reuters, hjálparstarfsemi sem þessa. Hins vegar hafa stofnanir sem að slíku starfi standa bent á að þvinganirnar og bann Bandaríkjastjórnar við ferðalögum til Norður-Kóreu hafi áður komið í veg fyrir hjálparstarf.

Fjallað var um þvinganirnar og matvælaöryggi í Norður-Kóreu í Washington Post í síðasta mánuði. Þar sagði að ábyrgðin á hungri landsmanna væri stjórnvalda í Pjongjang sem hefðu eytt umfram getu í kjarnorkuáætlun og her en vanrækt velferð landsmanna. Hazel Smith, prófessor í kóreskum fræðum, sagði í viðtali við miðilinn að Norður-Kórea gæti aftur á móti ekki framleitt matvæli án þess eldsneytis sem þarf til að knýja landbúnaðarvélar. Aðgangur að slíku eldsneyti væri mjög svo skertur með þvingunum. **thorgnyr@frettabladid.is**

# MARKAÐURINN

## Lönduðu tugmilljóna samningi við danskt sveitarfélag

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið MainManager hefur gert samning við sveitarfélagið Árósa í Danmörku. MainManager tók þátt í útboði gegnum samstarfsaðilann KMD og fékk hæstu einkunn hvað varðar gæði og kostnað.

„Þessi samningur hefur mikla þýðingu fyrir okkur enda hleypur samningsupphæðin á tugum milljóna króna. Hann styrkir stöðu okkar í Danmörku enn frekar,“ segir Guðrún Rós Jónsdóttir, framkvæmdastjóri MainManager, en fyrirtækið hefur nú þegar náð í fjölda stórra viðskiptavina í Danmörku og hefur verið á markaðnum þar í um 20 ár.

Verkefnið mun felast í að koma byggingum, teikningum og fleiru á stafrænt form og síðan innleiða stafræna verkferla MainManager við þjónustu við eignirnar. Samningurinn nær yfir alls 2,2 milljónir byggingafermetra.

„Það er lögð áhersla á notkun þrívíddarlíkana (BIM) sem upplýsingalíkans byggingarinnar og notkun þess í rekstrinum. En mesta áherslan er að ná tökum á upplýsingagjöf til stjórnenda um kostnaðarstöðu áætlana í öllum verkefnum sem tengjast rekstri, nýbyggingum og fleiru í sveitarfélaginu,“ segir Guðrún Rós.

Nýlegt samstarf við KMD hefur reynst vel enda hefur fyrirtækið afar sterka stöðu þegar kemur að útboðum á vegum sveitarfélaga í Danmörku að sögn Guðrúnar Rósar. Hún segir MainManager strax hafa fengið fjölda fyrirspurna um hugbúnaðarlausnir sínar eftir að samstarfið hófst.

„Einnig má taka fram að gífurlegur kraftur er í nýþróun hjá MainManager FM lausninni sem nú er í þróun þar sem áhersla er lögð á grafíska framsetningu gagna ásamt notkun á GIS-kortum, BIM og 2D teikningum og einföldu notendaviðmóti.“ **– tfh**



**Meirihlutinn af tekjum MainManager kemur að utan.**

## Netflix hækkar áskriftarverð

Netflix hækkar mánaðarlegt áskriftarverð á tveimur verðflokkum af þremur frá og með morgundeginum og verður hækkunin innifalin í næsta gjalddaga áskrifenda.

Áskrifendur hafa um þrjá verðflokka að velja, Basic, Standard og Premium, og tekur hækkunin til verðflokkanna Standard og Premium, en ekki Basic. Í þeim flokki verður verðið áfram óbreytt, 7,99 evrur á mánuði, eða sem nemur um það bil 1.134 krónum miðað við gengi dagsins.

Mánaðarlegt gjald fyrir áskrift að verðflokknum Standard er nú 10,99 evrur og fer í 11,99 evrur sem er 9 prósenta hækkun og verður við gildistöku hækkunarinnar um 1.700 krónur á mánuði. Mánaðarlegt gjald fyrir áskrift að Premium, sem sýnir efni í háskerpu og leyfir tengingu við allt að fjóra viðtakendur hækkar um 14 prósent upp í 15,99 evrur, sem jafngildir 2.269 krónum.

Hækkunina má rekja til aukinna umsvifa bandarísku efnisveitunnar en á undanförnum árum hefur Netflix ráðist í mjög kostnaðarsama framleiðslu á kvikmyndum og þáttaröðum sem njóta mikilla vinsælda um allan heim og verður haldið áfram á sömu braut.

Auk kostnaðarsamrar framleiðslu hefur Netflix varið umtalsverðum fjárhæðum til tæknimála. **– tfh**




**Björn Leifsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Rekstur Lauga á miklum skriði

Laugar ehf., sem halda utan um líkamsræktarstöðvar World Class, högnuðust um 530 milljónir króna á síðasta ári. Það er um þrefalt meiri hagnaður en á árinu á undan þegar hann nam 179 milljónum króna.

Tekjur félagsins jukust um tæpan hálfan milljarð á milli ára. Þær fóru úr 2.760 milljónum króna á árinu 2017 upp í 3.246 milljónir á síðasta ári.

Hjónin Björn Kr. Leifsson og Hafdís Jónsdóttir eiga hvort 36,6 prósenta hlut í félaginu en restina á Sigurður Leifsson, um 26,8 prósent.

World Class keypti heilsuræktarstöðvar Átaks á Akureyri á síðasta ári. Í ársreikningi félagsins kemur fram að kaupverðið nemi alls 161 milljón króna. **– tfh**

# Fjöldi reglugerða margfaldast

**Gunnar Dofri Ólafsson, lögfræðingur Viðskiptaráðs, segir að óháð efni reglna hljóti að vakna spurning um hvort ekki sé mikilvægt að gæta hófs í fjölda til að auðveldara sé að fara eftir þeim. Smærri fyrirtæki bera þyngstu byrðarnar vegna íþyngjandi leikreglna að sögn Gunnars.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það vekur furðu að undanfarinn áratug hefur fjöldi breytinga á reglugerðum margfaldast samanborið við síðustu tíu ár á undan,“ segir Gunnar Dofri Ólafsson, lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

„Þeim fjölgaði frá því að vera þriðja hvern dag í að vera næstum alla daga ársins. Og það er ekki tekið helgarfrí í þessari talningu. Þetta felur í sér að erfitt getur reynst fyrir fólk og fyrirtæki að fylgjast með þeim breytingum sem verða á starfsumhverfinu,“ segir hann og nefnir að í ofanálag sé erfitt að kynna sér reglubreytingar, framsetning þeirra sé óskýr.

Fram kemur í greiningu Viðskiptaráðs að Ísland sé að meðaltali með mest íþyngjandi regluverk OECD-ríkjanna á sviði þjónustugreina en Mexíkó, Tyrkland og Brasilía raða sér í sætin fyrir neðan. „Ef litið er til útkomu í einstökum atvinnugreinum er Ísland í 1. sæti yfir mest íþyngjandi regluverkið í sjö atvinnugreinum og er í mesta lagi í 13. sæti af 36 aðildarríkjum OECD.“

Gunnar Dofri segir að mikilvægt sé að gæta hófs við reglusetningu. Þungt regluverk dragi úr hagvexti og óháð efni reglna hljóti að vakna spurning um hvort ekki sé mikilvægt að gæta hófsemi til að auðveldara sé að fara eftir þeim. „Auk þess eru íslensk fyrirtæki að keppa alþjóðlega og þyngra regluverk gerir þeim erfiðara fyrir,“ segir hann.

Í skýrslu Viðskiptaráðs segir að OECD hafi áætlað að með því að létta reglubyrði innan Evrópusambandsins um fjórðung aukist landsframleiðsla um 1,7 prósent og með sama móti náist 1,5 prósentum meiri framleiðni vinnuafls. „Þá er talið að 20 prósenta lækkun kostnaðar við eftirfylgni geti aukið verga landsframleiðslu um 1,3 prósent.“

Gunnar Dofri vekur athygli á að EES-reglur hafi verið innleiddar með óþarflega íþyngjandi hætti. „Það er heimasmíðaður vandi.“

Í úttekt forsætisráðuneytisins frá árinu 2016 kom fram að íslensk stjórnvöld ákváðu í þriðjungi tilfella að innleiða EES-reglur með meira íþyngjandi hætti en þörf var á til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

**Fjöldi breytinga á reglugerðum**




**Mat stjórnenda á lykilþáttum regluverks**
í samkeppnishæfnisúttekt IMD




Gunnar Dofri nefnir sem dæmi að örfyrirtæki megi skila gögnum til Ríkisskattstjóra með einfaldari hætti en ella. Nema hvað á Íslandi verði örfyrirtæki að hafa færri en þrjá starfsmenn en í flestum öðrum ríkjum sé miðað við tíu starfsmenn eða færri. „Þessi ákvörðun var ekki rökstudd sérstaklega,“ segir hann.

Viðskiptaráð segir að þrátt fyrir að þrjú ár séu liðin frá téðri úttekt og að stjórnvöld hafi ætlað að bæta úr vandanum, sé enn að finna mörg dæmi á síðustu tveimur árum um að innleiðing EES-reglna fari fram með óþarflega íþyngjandi hætti. „Stjórnvöld nýta þannig ekki þær undanþágur sem eru í boði í viðeigandi tilskipunum og reglugerðum atvinnulífinu til hagsbóta.“

Smærri fyrirtæki bera þyngstu byrðarnar vegna íþyngjandi leikreglna. Í skýrslunni segir að lítil og meðalstór fyrirtæki búi yfir minni fjárhagslegum styrk og sérfræðiþekkingu til að ráða fram úr þungu og flóknu regluverki. Hlutfallslegur kostnaður á hvern starfsmann í fjölmennu fyrirtæki, það er yfir 250 starfsmenn, af því að framfylgja regluverki er einungis um 10-15 prósent af kostnaði lítils fyrirtækis, sem er með færri en tíu starfsmenn. Aðstöðumunurinn hafi neikvæð áhrif á samkeppni og nýsköpun.

Viðskiptaráð segir að stærsta tækifærið til úrbóta felist í að vinda ofan af þeirri hvimleiðu hefð að innleiða EES-reglur með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Nýta ætti heimildir til undanþágu frá reglugerðum ESB til að tryggja að tilskipanir og reglugerðir EES-samningsins séu innleiddar með sem minnst íþyngjandi hætti. Það ætti að forðast að innleiða séríslensk ákvæði sem leggja meira íþyngjandi skyldur á íslensk fyrirtæki heldur en fyrirtæki í nágrannalöndunum búa við.

Gunnar Dofri segir að einfalda megi regluverkið til dæmis með því að fækka tilvikum þar sem sækja þarf um leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnurekstur. Skynsamlegt væri að afnema fyrirkomulagið eða það væri nóg að tilkynna stjórnvöldum að atvinnustarfsemin væri hafin.

„Í stjórnarsáttmála segir að átak verði gert í einföldun regluverks. En eins og við vitum eru átök í ræktinni ekki vænleg til árangurs. Það þarf hugarfarsbreytingu. Það þarf holla reglusetningu og sveigjanleika,“ segir Gunnar Dofri.

**helgivifill@frettabladid.is**

# HNÖTTURINN & TASKAN

## ÖLL HNATT-LÍKÖN

**30% AFSLÁTTUR**



Hnattlíkan Jörðin
24 cm blágrænt
**TILBOÐSVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-





Hnattlíkan Galilei
17 cm silfur
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-



Hnattlíkan Antiquus
30 cm með ljósi
**TILBOÐSVERÐ: 13.180.-**
Verð: 18.829.-



Pin the Countries
S hnöttur
**TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.499.-**
Verð: 4.999.-

Hnattlíkan Pluto
matt svart
**TILBOÐSVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-

## ALLAR FERÐA-TÖSKUR

**35% AFSLÁTTUR**




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs er til og með 24. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# Kolsvört staða en ekki alveg vonlaus

**Rannsóknir benda til þess að við séum annaðhvort fallin á tíma eða við það að falla á tíma í baráttunni við loftslagsbreytingar. Ljóst er að stórfellds og hnattræns átaks er þörf. Einstaklingar geta lagt sitt af mörkum og þannig haft áhrif á aðra.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Þrátt fyrir að stíft hafi verið fundað víða um heim um það neyðarástand sem ríkir í loftslagsmálum og ítrekað hafi verið varað við þeirri miklu hættu sem fylgir loftslagsbreytingum er mannkynið ekki enn komið á rétta leið. Sífellt ólíklegra verður að við náum þeim markmiðum sem við höfum sett, til að mynda um að reyna að halda hlýnun undir tveimur gráðum miðað við meðalhita fyrir iðnbyltingu. Þessa stöðu hafa rannsóknir sýnt á undanförnum misserum.

**Svartar horfur**

Jafnvel þótt mannkyninu takist að skipta hratt og örugglega yfir í græna orku og öll ný ökutæki í Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og Kína verði knúin grænum orkugjöfum fyrir árið 2040 er ekki hægt að halda hlýnun innan tveggja gráða. Þetta sagði í rannsókn sem orkumarkaðsgreiningarfyrirtækið Wood Mackenzie birti undir lok síðasta árs. Forsendan sem rannsakendur gáfu sér var að hlutfall endurnýjanlegrar orku ykist um ellefu prósent ár hvert fram til 2035.

Teymi fræðimanna á vegum bandaríska alríkisins sem stendur að Rannsóknarverkefni Bandaríkjanna um hnattrænar breytingar (USGCRP) birti um sama leyti 1.600 blaðsíðna skýrslu um þær afleiðingar sem loftslagsbreytingar eru þegar farnar að hafa. Var þar til að mynda minnst á aukna útbreiðslu skordýra er bera hættulega sjúkdóma. Samkvæmt rannsakendum myndu Bandaríkin verða af um 500 milljörðum dala á ári vegna uppskerubrests, minnkandi vinnuafls og veðurofsa ef fram heldur sem horfir.

Álíka dökkar horfur birtust í rannsókn sem World Resources Institute birti í febrúar. „Rannsóknin leiðir í ljós að við erum ekki á réttri leið. Þrátt fyrir að árangur hafi náðst á sumum sviðum, til að mynda í upptöku endurnýjanlegrar orku, er þörf á gífurlegum aðgerðum á öðrum sviðum til þess að ná markmiðum okkar.“

Sé horft sérstaklega til Íslands má benda á að losun gróðurhúsalofttegunda sem er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda jókst um 2,2 prósent milli áranna 2016 og 2017. Þetta kom fram í skýrslu Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda frá því í apríl síðastliðnum. Var þar hlutur landnotkunar stærstur en á eftir fylgdu vegasamgöngur, olíunotkun fiskiskipa, iðragerjun húsdýra og losun frá kælitækjum.

**Ekki öll von úti**

Staðan er þó ekki ómöguleg. Rannsakendur hjá fyrrnefndri World Resources Institute komust til að mynda að þeirri niðurstöðu að hægt væri að halda hlýnun undir 1,5 gráðum ef gripið verður til stórtækra aðgerða strax.

Að því er kom fram í ritrýndri grein sem birtist í Nature síðasta sumar er til dæmis þörf á um 460 milljarða dala fjárfestingu árlega næstu tólf árin til að ná þessu 1,5 gráða markmiði.

Við erum enn langt frá þessari tölu, samkvæmt tölfræði sem BloombergNEF birti á þriðjudaginn. Fjárfesting á heimsvísu stóð í 288,9 milljörðum dala á síðasta ári. Hafði þá minnkað um ellefu prósent frá árinu 2017.

**Hvað get ég gert?**

Samkvæmt rannsókn sem Kimberly Nicholas og Seth Wynes hjá Háskólanum í Lundi gerðu í fyrra eru fimm stærstu einstöku ákvarðanirnar sem einstaklingur getur tekið til þess að berjast gegn loftslagsbreytingum að lifa bíllausum lífsstíl, fækka flugferðum, skipta yfir í rafbíl, nota græna orku og tileinka sér mataræði er byggir á plöntum. Nicholas og Wynes settu reyndar efst á lista sinn að eignast færri börn en sú afstaða er umdeild enda vafaatriði hvort hægt sé að skrifa ákvarðanir barna á foreldra og þá hversu lengi.

Allt ætti þetta að hljóma afar kunnuglega enda ítrekað verið bent á að olíudrifin farartæki og kvikfjárrækt hafi neikvæð áhrif á loftslagsbókhaldið. Vert er að horfa til þess sömuleiðis að reyna að borða fæðu úr nærumhverfinu. Innflutt grænmetisfæði er þó allajafna loftslagsvænna en nærumhverfiskjöt, að því er kemur fram í skýrslu um rannsókn IIASA sem birt var í október síðastliðnum.

Spurningar um hvort það skipti raunverulegu máli hvort maður sjálfur breyti því einn og sér hvað maður gerir eru algengar. Miðað við rannsóknir eins og þá sem birt var í tímariti Association for Psychological Science í september 2017 eru slíkar áhyggjur hins vegar óþarfar. Ein tilrauna rannsakenda þá leiddi til dæmis í ljós að gestir á kaffihúsi í Bandaríkjunum sem höfðu fengið þær upplýsingar að 30 prósent Bandaríkjamanna hefðu ákveðið að draga úr kjötneyslu voru tvöfalt líklegri til að panta sér ekki kjöt.

Ábyrgð einstaklinga bliknar hins vegar í samanburði við ábyrgð jarðefnaeldsneytisfyrirtækja, að því er kom fram í skýrslu Climate Accountability Institute fyrir tveimur árum. Þótt gjörðir einstaklinga séu mikilvægar er því einnig þörf á því að bæði stórfyrirtæki og ríkisstjórnir átti sig á alvarleika málsins.

Að því er Debra Robert, einn formanna Alþjóðanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sagði við BBC þurfa allir að taka þátt í baráttunni. Einstaklingar þurfa að þrýsta á bæði ríkisstjórnir og fyrirtæki að innleiða nauðsynlegar breytingar.

**Við tökum loftslagsvána mjög alvarlega. Þótt ógnin af hamfarahlýnun sé stór er ég bjartsýnn á framhaldið þar sem ótrúleg vakning hefur orðið á stuttum tíma, ekki síst fyrir tilstilli unga fólksins sem kallar á aðgerðir og minnir okkur öll á verkefnið fram undan.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindarráðherra



**2**

**gráða markmiðinu verður sífellt erfiðara að ná.**

**Grænni samgöngukostir og mataræði skipta miklu máli.**



## Vilja kolefnisjafna sauðfjárrækt

Framleiðsla á íslensku lambakjöti skilur eftir sig stærsta kolefnissporið af þeim þremur innlendu matvælategundum sem Environice hefur metið kolefnisspor fyrir. Hinar tvær eru laxeldi og grænmetisframleiðsla. Nokkuð lengi hefur það legið fyrir samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum að kolefnislosun frá matvælaframleiðslu með nýtingu jórturdýra eins og sauðfjár og nautgripa er meiri en frá grænmetisframleiðslu og fiskeldi, meðal annars vegna iðragerjunar sem er jórturdýrum eðlileg.

Niðurstaða Environice kom sauðfjárbændum því ekki á óvart. Þetta segir Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka íslenskra sauðfjárbænda.



**Guðfinna Harpa Árnadóttir**

„Environice vann skýrslu fyrir Landssamtök sauðfjárbænda í október 2017 þar sem lagt var mat á kolefnislosun frá sauðfjárrækt og því kom það heldur ekki á óvart hver metin losun er, bæði frá greininni í heild og einnig á hvert framleitt kíló af kjöti,“ segir Guðfinna.

„Ýmislegt hefur orðið til þess að kolefnislosun frá framleiðslu lambakjöts hefur farið minnkandi á undanförnum árum og misserum. Hluti af því að minnka kolefnisspor er einmitt að minnka losun með því að vanda betur til verka. Þar má nefna að sauðfjárbændur vinna ötullega að því að fjölga þeim kílóum sem hver kind gefur og bæta þannig nýtingu aðfanga svo sem jarðefnaeldsneytis og innflutts áburðar. Með því að fjölga þeim kílóum sem hver kind gefur má einnig fækka fullorðnu sauðfé sem minnkar heildarspor greinarinnar án þess að þurfa að minnka framleiðslu.“

Guðfinna segir að Environice hafi metið að breytingar sem þessar hafi skilað um 3 kílóa minni losun gróðurhúsalofttegunda á hvert kíló lambakjöts á undanförnum árum.

„Einnig hefur verið mikil bein áhersla á betri nýtingu aðfanga, að hluta til í hagræðingarskyni en einnig vegna aukinnar áherslu á loftslags- og umhverfismál í bændasamfélaginu eins og samfélaginu öllu. Sú áhersla skilar sér klárlega til minni losunar strax.“

Eftir skýrslu Environice samþykktu Landssamtök sauðfjárbænda stefnumótun fyrir greinina í heild til ársins 2027. Guðfinna segir að þar komi fram fjölþætt markmið meðal annars um kolefnisjöfnun greinarinnar á tímabilinu.

„Til þess að markmiðið nái fram að ganga eru sauðfjárbændur nú í samstarfsverkefni með umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslunni og Skógræktinni sem nefnist Loftslagsvænn landbúnaður. Verkefnið gengur út á fræðslu og aðgerðir, bæði til að draga úr losun og einnig til að auka bindingu. Verkefnið er nú á undirbúningsstigi en stefnt er að fullri innleiðingu þess 2020. Þetta er spennandi verkefni og margir sauðfjárbændur mjög áhugasamir.“




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA


BMW X7
Hann er kominn! Nýr 7 sæta BMW lúxusjeppi sem á sér fáa sína líka.
Hafðu samband við sölumenn BMW í síma 525 8000 eða á www.bmw.is/X7
og pantaðu tíma í reynsluakstur. Það verður upplifun sem þú munt seint gleyma.
ENNEMM / SÍA / NM94414




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavik
525 8000 / www.bl.is

# Minnkum kolefnissporin

Alþjóðabankinn hefur sagt að kolefnisfótspor heilbrigðiskerfa heimsins sé umtalsvert og áætlar að 5% af heildar kolefnislosun á heimsvísu komi frá heilbrigðiskerfum. Þá er verið að reikna með öllum þáttum starfsemi sem er auðvitað mjög umfangsmikil. Til dæmis má geta þess að í Evrópu einni eru 15.000 spítalar sem nýta auðvitað talsvert rafmagn í upphitun, loftkælingu, lýsingu og þannig mætti áfram telja sem á fæstum stöðum fæst með vatns- eða háhitaorku. Til samanburðar má nefna tölur sem koma frá flutningum hvers konar, en þar er átt við bílaumferð, flug, skip, lestir og annað slíkt en allt að fjórðungur allrar kolefnislosunar á heimsvísu er talinn stafa þaðan. Þannig má segja að heilbrigðiskerfin séu einnig mjög stór þáttur losunar og mjög mikilvægt að skoða með hvaða hætti þau gætu dregið úr fótspori sínu.

Nú er það auðvitað svo að Ísland stendur sérlega vel þegar kemur að mörgum þeirra þátta sem horft er til í þessu samhengi. Þróunarverkefni Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í samvinnu við Healthcare without Harm (HCWH) byrjuðu verkefni árið 2018 sem kallast SHiPP eða Sustainable Health in Procurement Project sem hefur það að markmiði næstu fjögur árin að skoða sérstaklega innkaup í heilbrigðiskerfum, draga úr mengun, eiturefnum í vörum sem notaðar eru í heilsugeiranum og kolefnislosun vegna flutninga og fleira. Þar er fyrst og fremst verið að horfa til ríkja í Afríku, Austur-Evrópu, Kína og Brasilíu auk annarra og stefnt að útvíkkun fyrirkomulags.

Hið margumtalaða Parísarsamkomulag tengist þessu einnig sem og reglugerðarammi og leiðbeiningar Evrópusambandsins um opinber innkaup sem dæmi. Þá eru gefnar leiðbeiningar fyrir stjórnvöld og stofnanir um það hvernig þau geti hagað sínum innkaupum með ábyrgum hætti hvað snertir kolefnislosun. Landspítali hefur til dæmis allt frá árinu 2012 haft nálgun á innkaup og samgöngur sem tekur mið af þessum áherslum. Tveir stærstu þættirnir þar hafa verið notkun í tengslum við aðgerðir og svæfingargas, sem og samgöngusáttmáli um að ýta undir almenningssamgöngur á stærsta vinnustað landsins. En ekki bara það heldur einnig horft til þess að draga úr plastnotkun, breyta mötuneyti sínu og umbúðum, draga úr matarsóun og heldur breyta afganginum í lífrænan úrgang og þannig mætti lengi telja.

Leiðbeiningar þær sem ég vísa til frá HCWH taka á nokkrum þáttum varðandi innkaup sérstaklega, í fyrsta lagi að gera mælingar á kolefnislosun í innkaupaferlum stofnana, gera ferla og vörukaup aðgengilegri á netinu til auðvelda samanburð, setja upp gæðastaðla, nýta svokallað life-cycle costing til að meta seljendur vara, ýta undir nýsköpun í heimalandi/heimasvæði, þjálfa og endurmennta starfsfólk í nálgun á innkaup með þessum hætti. Samræma útboð á búnaði, lyfjum og þjónustu með því að sameina margar stofnanir eða þjóðir sem kaupendur og þannig ná niður verðum og stuðla að hagkvæmni og réttu hugarfari, deila góðum hugmyndum og reynslu. Margt af þessu gerum við nú þegar á Ísandi en betur má ef duga skal. Kolefnisfótspor heilbrigðisþjónustu á Íslandi er eflaust minna en víða annars staðar en það má alltaf gera betur.

**En ekki bara það heldur einnig horft til þess að draga úr plastnotkun, breyta mötuneyti sínu og umbúðum, draga úr matarsóun og heldur breyta afgangi í lífrænan úrgang og þannig mætti lengi telja.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

## Græn skref í ríkisrekstri til að draga úr umhverfisáhrifum

**Samgöngur**
Einn stærsti losunarþátturinn og skipta flest fyrirtæki og opinberar stofnanir mestu máli

- Breyta ferðavenjum þegar kemur að þjónustu fyrirtækja (sameina ferðir, minnka skutl)
- Breyta ferðavenjum starfsmanna og bjóða upp á samgöngusamninga, hvetja þá til að koma til vinnu með umhverfisvænni hætti
- Draga úr ferðum starfsmanna, bæði akstri og flugi
- Bjóða upp á hjól, strætómiða eða rafbíl á staðnum




**Vitundarvakning**

- Bæta umhverfisvitund starfsmanna, kynna umhverfismál og hvetja til hegðunarbreytinga
- Orkunotkun
- Draga úr orkunotkun með því að slökkva á tækjum og ljósum
- Þegar þörf er á endurnýjun að leggja áherslu á sparneytin tæki og hönnun

**Innkaup**

- Endurskoða og breyta innkaupum
- Íhuga þörfina vel áður en keypt er inn
- Nýta betur, samnýta, fresta innkaupum eða gera við
- Leggja áherslu á kaup á vörum með umhverfisvottanir (umhverfismerki og lífrænar vottanir)

# Áfram leiðandi í umhverfismálum

**Krónan hlaut Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu, frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrr á þessu ári en Krónan hefur undanfarin misseri tekið mörg skref í umhverfismálum.**

Þetta er mikil viðurkenning á því frábæra starfi sem unnið hefur verið í Krónunni. Við erum með frábært starfsfólk sem hefur brennandi áhuga á umhverfismálum og eins eigum við í mjög góðum samskiptum við viðskiptavini sem hafa komið með flottar hugmyndir til okkar,“ segir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar. „Það nýjasta hjá Krónunni er að plastburðarpokar í verslunum eru unnir úr sykurreyr. Við ræktun á sykurreyr til framleiðslu á plasti bindur sykurreyr koltvísýring sem hjálpar til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Krónan mælir jafnframt úrgangslosun og orkunotkun hjá verslunni með það að markmiði að leita leiða til að draga úr umhverfisáhrifum fyrirtækisins.

Frá og með 1. júní eru „hnútapokar“ ekki lengur í boði í Krónunni, hvorki í grænmetisdeild né á afgreiðslukössum. Krónan hvetur því viðskiptavini sína til að setja grænmeti og ávexti beint í körfuna en býður einnig upp á fjölnota ávaxtanet.

„Við eigum síðan í góðu samtali við okkar birgja og erum stöðugt að skoða hvaða vörur geta verið í umhverfisvænni umbúðum. Dæmi um umhverfisvænni umbúðir eru til dæmis að síðasta vetur færðum við allt hakk og hamborgara yfir í umhverfisvænni umbúðir úr pappa og endurvinnanlegu plasti í stað frauðplasts,“ segir Gréta María. Hún segir að viðskiptavinir taki afar vel í þessar umhverfisvænu breytingar. „Það er fín lína á milli matarsóunar og umbúðasóunar því í einhverjum tilfellum eru umbúðir forsenda lengri líftíma vörunnar. Það er þó alltaf þannig að framleiðendur vara eiga lokaorðið um hvernig vörunum er pakkað en við teljum að lausnamiðað samtal um hvernig best sé að finna jafnvægið milli líftíma vara og umbúða verði til þess að lausn finnist sem verði okkur öllum og þá fyrst og fremst umhverfinu í hag.“

Krónan hefur einnig bent viðskiptavinum á að láta vita ef verslunin geti gert betur og hlustað er á allar ábendingar.

„Við bjóðum þeim upp á afpökkunarborð sem er aðstaða til að af pakka vörunum áður en heim er farið. Þannig getur viðskiptavinurinn skilið eftir hjá okkur allt plast og pappa og við sjáum um að það sé rétt flokkað og fari rétta leið í endurvinnslu. Við bjóðum síðan upp á umhverfisvæna burðarpoka og eins höfum við dregið verulega úr einnota plastvörum. Þannig eru einnota diskar, glös og hnífapör sem voru úr einnota plasti ekki lengur í sölu og umhverfisvænni kostir einungis í boði. Við erum síðan með í vöruvali ýmsa kosti til dæmis tannbursta sem er úr endurunnum efnum sem ég get mælt með.“

Krónan hefur einnig vakið verðskuldaða athygli fyrir að draga úr matarsóun með því að selja vörur sem eru að renna út með miklum afslætti undir merkjum „Síðasti séns“ sem hefur mælst mjög vel fyrir.

„Við ætlum okkur að vera leiðandi í umhverfismálum og í krafti stærðar okkar að leggja okkar af mörkum ásamt viðskiptavinum okkar til að gera það samfélag sem við búum í betra. Við erum alltaf með ýmis verkefnis tengd matarsóun og umbúðasóun í gangi því þetta er langtímabarátta og margt smátt gerir eitt stórt,“ segir Gréta María að lokum.

**Við erum alltaf með ýmis verkefnis tengd matarsóun og umbúðasóun í gangi því þetta er langtímabarátta og margt smátt gerir eitt stórt.**



Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar

bauhaus.is

# BAUHAUS



**99.995.-**

~~129.995.-~~

sunfun

**Olivia garðhúsgögn**
Sófi úr fléttuðu rattan og borðplata úr polywood gerviefni. Með 80 x80 cm borði og 196 x 196 x 85 cm hornsófa. Gráar sessur fylgja. Fást einnig með svörtum sessum og gráum fléttum.



**99.995.-**

~~129.995.-~~

sunfun

**Nanna garðhúsgögn**
Sett sem samanstendur af hornsófa og borði. Dökkgrár sófi í lökkuðu áli. Dökkgráar sessur fylgja. Stærð: sófi: 77x77x67 og 77x66x67 cm. Borð: 80x80x32 cm.

**Kjarakaup**



sunfun

**Alberte garðhúsgögn**
Settið samanstendur af hornsófa og borði. Ljósar sessur og grind úr fléttuðu rattani í náttúrulegum lit. Mál: Borð: 70 x 70 cm. Sófi: 226 x 148 x 64 cm. Fást einnig með dökkgráum sessum og ljósgráum fléttum.

**99.995.-**

~~119.995.-~~

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 20.júní til og með sunnudeginum 23. júní.

## *Það er sumar alla daga í Garðalandi!*

**Garðaland**

**Ný sending alla fimmtudaga af blómum í Garðalandi!**

WORX

**Sláttuvélarþjarkur**
- S300.
- Li-ion rafhlaða.
- Hám. halli: 27%.
- Sláttuhæð: hám. 60 mm.
- Sláttubreidd: 18 cm.
- Garðstærð allt að 300 m².

**99.995.-**






**5 STK.**

**3.995.-**

Gardol

**Gróðurmold, 40 l**
Veljið um plöntumold, túnmold, sáðmold eða mosamold með áburði. Stykkjaverð 995.-



**995.-**

**Flauelsblóm**
Margar litir í boði.



**6.995.-**

**Limviður með kúlu eða sem píramídi**
Buxus sempervirens. Fæst mótaður sem kúla, þv. 28-30 cm, og píramídi, 40-50 cm. Í 23 cm potti.

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

**BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is**

TILVERAN



Einn af tugum fossa í Furudal. MYND/DAGNÝ HEIÐDAL



Elliðatindur séður úr ofanverðum Furudal. MYND/TG

# Fossaveisla í Furudal

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Á Snæfellsnesi er gnægð náttúruperlna sem sumar eru heimsþekktar eins og Snæfellsjökull og Kirkjufell. En þarna er líka urmull af stöðum sem eru lítt þekktir og gefa hinum frægari lítið eftir. Einn þeirra er Furudalur upp af Staðarsveit. Þótt nafnið gefi til kynna að þarna sé skógur þá er ekki eitt einasta tré í Furudal, hvað þá fura. Í staðinn umlykja tröllvaxnir tindar dalinn eins og skeifa, og eru Hólstindur (930 m), Tröllatindar (929 m) og Elliðatindar (824 m) mest áberandi.

Eftir dalnum rennur síðan bergvatnsá, Stóra-Fura, en í henni er fjöldi fossa, hver öðrum fallegri. Þarna koma næstum engir sem kemur á óvart því þarna er boðið upp á sannkallaða fossaveislu með grónum árbökkum og snarbröttum klettahlíðum. Það er auðvelt að skoða fossana í Furudal á hálfum degi og er auðveldast að leggja bílum við bæinn Ölkeldu eftir að ábúendur hafa gefið til þess leyfi sitt. Þaðan er haldið í norðaustur upp skriður uns komið er að Stóru-Furu vestan megin. Henni er síðan fylgt upp dalinn uns komið er upp í skarð milli Tröllatinda og Elliðatinds. Sést þá yfir Breiðafjörð, Berserkjahraun og Stykkishólm.

Fyrir vant göngufólk er tilvalið að taka heilan dag og toppa í leiðinni Hólstind. Er þá gengið beint upp skriðurnar frá Ölkeldu uns komið er á hrygg sem liggur í norðvestur á tindinn. Þar býðst gríðarlegt útsýni yfir á Snæfellsjökul, Helgrindur, Kolgrafafjörð, Drápuhlíðarfjall og Ljósufjöll. Af Hólstindi má halda áfram göngunni yfir á Tröllatinda en snúið getur verið að rekja sig eftir hryggjum þeirra allra endilangt. Er því hentugra að halda niður norðurhlíðar Tröllatinda uns komið er að skarði efst í Furudal og mun betri leið en að halda niður brattar og lausar suðurhlíðar þeirra. Stóru-Furu er síðan fylgt eftir og staldrað við fossana sem skipta tugum. Um Furudal lá áður gönguleið yfir Snæfellsnesið en af einhverjum ástæðum féll hún í gleymsku – og er sjálfsagt að breyta því.



Fókus á hjarta landsins



Fossarnir í Stóru-Furu er afar fjölbreyttir og hver öðrum fallegri. MYND/TG

# PIER

# RÝMINGARSALA
# PIER
# SMÁRATORGI

# 50-70%
# AFSLÁTTUR*

MATARSTELL OG GLÖS
50% AFSLÁTTUR

40-70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM PÚÐUM

30-70% AFSLÁTTUR
AF SUMARVÖRUM

50-70% AFSLÁTTUR
AF KERTUM OG ILMUM

VERSLUNIN FLYTUR Á KORPUTORG
AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Á SMÁRATORGI

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**
Gildir 20. júní - 26. júní. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG
LAU 12-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

# Fjallkonan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Við lifum á tímum þar sem öfgasinnuð öfl sækja stöðugt á með tilheyrandi hræðsluáróðri, útlendingaandúð og kvenfyrirlitningu. Ekki er í boði að gefa eftir í baráttunni við þessi hættulegu öfl sem sækja að opnum lýðræðislegum þjóðfélögum. Þótt þessi öfl hafi ekki náð sterkri fótfestu í íslensku samfélagi þá bæra þau samt á sér og hætta er á að þau breiði úr sér. Hér finnast svo sannarlega einstaklingar sem vilja ekki sjá fólk sem aðhyllist önnur trúarbrögð en kristni setjast að á Íslandi. Þetta fólk hatast sérstaklega við múslima og vill jafnvel meina þeim að iðka trú sína hér á landi. Hér eru líka einstaklingar sem vilja svipta konur sjálfsákvörðunarrétti til þungunarrofs, en sá réttur er grunnur að kvenfrelsi. Hér finnast afturhaldshópar sem staðfastlega neita því að loftslagsbreytingar séu af mannavöldum og kvarta undan stöðugu væli umhverfisverndarsinna.

Baráttan stendur á milli öfgasinnaðra afla og þeirra frjálslyndu. Mikilvægt er að allir sem vilja búa í kærleiksríku samfélagi þar sem jafnrétti og víðsýni eru við völd taki sér stöðu í þessari baráttu gegn öfgaöflunum, en sitji ekki sinnulausir hjá. Einmitt vegna þessa mikilvægis var gleðilegt að heyra fjallkonuna flytja á 17. júní ljóð Bubba Morthens, Landið flokkar ekki fólk, sem er hylling til fjölmenningarsamfélagsins.

Einhverjir eru enn ekki búnir að ná sér eftir þessi ágætu skilaboð fjallkonunnar. Þessir einstaklingar finna sér athvarf á netinu þar sem þeir geta látið óánægju sína og gremju í ljós. Reyndar var viðbúið að hópur fólks myndi telja að blettur hefði fallið á æru fjallkonunnar þegar hún á þessum einstaka hátíðisdegi mælti orðin: „Við skulum fagna fjölmenningu hér í miðnætursólinni …“ Fjallkonan, sem þessum hópi finnst að eigi að vera hæfilega þjóðrembuleg, hefur breyst í frjálslyndan alþjóðasinna og talar máli samvinnu og víðsýni. Hvað skyldi hún gera næst?

Það sem gerði þessi skilaboð Bubba Morthens svo öflug var ekki síst sérlega glæsilegur flutningur leikkonunnar sem var í hlutverki fjallkonunnar. Aldís Amah Hamilton fór með ljóðið af innlifun og hreif fólk með sér – fyrir utan þá sem nú veina sárt á netinu. Þar er kvartað yfir því að leikkonan sé ekki alíslensk en faðir hennar er Bandaríkjamaður af afrískum uppruna, sem einhverjum finnst engan veginn gott. Þusað er um að 17. júní sé dagur Íslendinga en ekki fjölmenningar. Sagt er að þessi þáttur athafnarinnar við Austurvöll hafi verið Jóni Sigurðssyni og þeim sem börðust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar til háborinnar skammar.

Boðskapur um skilning og samvinnu manna á meðal, hvaðan sem þeir koma, á ekki greiðan aðgang að hjörtum allra Íslendinga. Um múrana sem menn skapa með eigin fordómum og tortryggni segir Bubbi í ljóðinu: „rammgerðastir eru þeir sem/reistir eru í höfðum manna“. Hvað er þá til ráða? Svar Bubba er: „Rífum þá niður og göngum inn í víðáttu frelsisins og fögnum lífinu.“

Já, það dugar!

**Einhverjir eru enn ekki búnir að ná sér eftir þessi ágætu skilaboð fjallkonunnar.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Ómissandi lesning**

**Bændablaðið sem er í eigu Bændasamtaka Íslands er ómissandi lesning. Margir hafa sterkar rætur í byggðarlögum landsins og landbúnaður heldur þeim í ábúð. Furðuskrif ritstjóra blaðsins virðast engin mörk hafa. Undir hans forystu hefur blaðið gengið í Miðflokkinn og blaðið er æ meir undirlagt baráttu gegn ESB, veru Íslands í EES og að sjálfsögðu þriðja orkupakkanum. Ritstjórinn verður sífellt æstari. Í knöppum leiðara 13. júní tekst honum að varpa fram 12 spurningum um svik og landráð. Þar segir hann Sjálfstæðisflokkinn „berjast fyrir erlent ríkjabandalag gegn hagsmunum Íslands og sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar“. Það eru ekki bara átök við ritstjórann hugumljúfa í Hádegismóum.**

**Uppreist æru**

**Bæjarráð Akureyrar leggur til að bærinn breyti formlega um nafn. Nei, það verður ekki Bíladagabær eða Polltangi, heldur er óskin sú að Akureyrarkaupstaður verði að Akureyrarbæ. Gerð var skoðanakönnun meðal bæjarbúa fyrr á þessu ári þar sem kom í ljós að þrír af fjórum vildu bæ í stað kaupstaðar. Málið má rekja til fyrirspurnar Björns Levís Gunnarssonar Pírata sem spurði ráðherra hvað Akureyri héti. Fékk hann yfir sig ótal háðsglósur og var þetta notað sem dæmi um fullkomlega tilgangslausa fyrirspurn.** **arib@frettabladid.is**

# Brostu – þú ert í beinni!



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Nýlega spratt upp umræða á Twitter um eftirlitsmyndavél við Einarsnes í Skerjafirði. Hún er merkt umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að myndefninu er varpað, að ósk borgarinnar, í beinni útsendingu á vefsíðu Vegagerðarinnar. Nú veit ég ekki hvort íbúar við götuna, eða aðrir vegfarendur, eru sáttir við að vera í beinni útsendingu á netinu allan sólarhringinn, en málið vakti furðu mína. Við nánari eftirgrennslan komst ég að því að umhverfis- og skipulagssvið er með átta eftirlitsmyndavélar víðsvegar í borgarlandinu. Tilgangurinn er sagður vera sá að fylgjast með færð vega! Lögreglan er einnig með tugi myndavéla í borginni og vill tvöfalda fjöldann.

Áður fyrr var þessu eftirliti yfirleitt stýrt af fólki. Nú er því stýrt af tölvum sem hafa mikla vinnslugetu og geta unnið úr öllum upplýsingum jafnóðum. Andlitsgreining getur greint einstaklinga á mynd á augabragði, greint kyn, hvort viðkomandi er með tösku og margt fleira. Eftir því sem eftirlitsmyndavélum er fjölgað er auðveldara fyrir stjórnvöld (eða Vegagerðina í tilfelli Einarsness) að fylgjast með ferðum fólks, án nokkurs lögmæts tilefnis. Stjórnvöld í Kína hafa víða sett upp eftirlitsmyndavélar í landinu og nota þær til að fylgjast með fólki hvert sem það fer. Sama á við um nokkrar borgir í Bandaríkjunum og þar í landi er rætt um slíkt eftirlit í skólum. Félagi minn fór nýlega um LAX flugvöllinn í Los Angeles án þess að þurfa að sýna vegabréf, vélarnar þekktu hann.

Þegar tækninni fleygir fram þarf að doka við og stíga varlega til jarðar. Þarf að fylgjast með færð á Einarsnesi á sumrin eða yfirleitt? Talsmenn eftirlitssamfélags segja oft að þeir hafi ekkert að fela, eftirlitið sé til þess að góma lögbrjóta. En við megum ekki byggja upp samfélag þar sem allir eru sjálfkrafa tortryggðir meðan langflestir fara að lögum og reglum. Áður var viðkvæðið að fylgjast með þeim sem gerðu eitthvað af sér. Nú virðist það vera að fylgjast með öllum, alls staðar, öllum stundum.

**Þegar tækninni fleygir fram þarf að doka við og stíga varlega til jarðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Eignarréttur nær ekki til þýfis

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

New York – Við upphaf þessarar aldar virtist ekkert geta staðið í vegi fyrir áframhaldandi framsókn lýðræðis um heiminn. Við höfðum séð lýðræði rísa í fjórum bylgjum. Fyrsta bylgjan reis með sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna 1776, fyrsta fullburða lýðræðisríkisins. Önnur bylgjan reis um miðja 19. öld þegar Evrópuþjóðir risu upp gegn kóngum og keisurum og Íslendingar héldu þjóðfund 1851. Þriðja bylgjan reis þegar lýðræðisríkin ásamt Rússum sigruðu fasista og nasista í síðari heimsstyrjöldinni. Fjórða bylgjan reis 1974 þegar einræðisstjórn Portúgals var steypt af stóli og grísku herforingjastjórninni skömmu síðar. Þessi fjórða bylgja barst því næst til Spánar og áfram 1989-1991 til kommúnistaríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu og Rússlandi og einnig til Suður-Ameríku, Afríku og Asíu.

Lýðræðisríki heimsins voru innan við tíu í síðari heimsstyrjöldinni og eru nú tæplega 100. Mjög hefur þó hægt á fjölgun í hópi lýðræðisríkja frá 2006 þar eð lýðræði á nú undir högg að sækja æ víðar um heiminn, einnig þar sem sízt skyldi í Bandaríkjunum og Evrópu, þ.m.t. Ísland. Um þessa háskalegu þróun birta erlendir stjórnmálafræðingar nú bók eftir bók, nú síðast Larry Diamond prófessor í Stanford-háskóla í Kaliforníu sem var að senda frá sér bókina Illviðri(e. Ill Winds).

**Hagsmunasamtök stjórnmálamanna**

Vanda lýðræðisins nú virðist mega rekja til tveggja meginróta.

Stjórnmálaflokkar hafa ekki staðið í stykkinu. Þeir hafa í auknum mæli hegðað sér eins og sjálfhverf hagsmunasamtök stjórnmálamanna og með því móti fyrirgert trausti fólksins og því ekki megnað að aftra óvinum lýðræðisins. Hvernig er hægt að taka þýzka Jafnaðarflokkinn alvarlega þegar Gerhard Schröder, kanslari Þýzkalands 1998-2005, gerðist að því loknu auðmaður í boði rússneskra orkufyrirtækja og þá um leið Pútíns forseta? Hvernig er hægt að taka brezka Íhaldsflokkinn alvarlega þegar hann er orðinn uppvís að því að etja Bretum út úr ESB af innanflokksástæðum án nokkurs sýnilegs undirbúnings eða umhugsunar? Þannig getum við farið land úr landi.

Hin meginrót vandans er að markaðsbúskapur án nauðsynlegs mótvægis, aðhalds og eftirlits mylur undir græðgi og siðblindu í viðskiptum og stjórnmálum. Stórþjófar vaða nú víða uppi í stjórnmálum þar eð fyrirstaðan er veik. Einn þessara manna er nú forseti Bandaríkjanna, annar er forseti Rússlands. Þeir eru fleiri.

**Illa fengið fé**

Þjófráðar heimsins (e. kleptocrats) fara sínu fram í krafti þess að þeim er hlíft. Bandaríska fjármálaráðuneytið telur að árlegt innstreymi illa fengins fjár til Bandaríkjanna nemi 2% af landsframleiðslu. Árlegt innstreymi illa fengins fjár til Bretlands er talið nema 5% af landsframleiðslu. Helmingur auðæfa Rússa er geymdur í skattaskjólum líkt og þriðjungur auðæfa Afríkubúa.

Ríkisstjórnum Bandaríkjanna og Bretlands væri í lófa lagið að leggjast á sveif með þeim sem eru að reyna að afhjúpa skattaskjólin og loka þeim. Þeim væri einnig í lófa lagið að setja nafnlausum skúffufyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar og taka fyrir nafnlaus fasteignakaup eins og t.d. þegar maður nokkur keypti sér íbúð í Washington 2006 og greiddi fyrir hana 15 milljónir Bandaríkjadala í reiðufé. Ellefu árum síðar greindi Washington Post frá því að kaupandinn var rússneski auðkýfingurinn og Íslandsvinurinn Oleg Deripaska. Donald Trump hefur selt margar íbúðir í húsum sínum með líki lagi.

Eftirlit með fjárböðun, öðru nafni peningaþvætti, í Bandaríkjunum er svo veikburða að hættan á að upp komist um slík brot er talin vera innan við 5%. Það mega Bretar eiga að þeir settu nýlega lög sem heimila rannsókn á grunsamlegum fasteignakaupum útlendinga ef þau virðast ekki samrýmast fjárráðum kaupandans. Lögin heimila eignaupptöku ef féð reynist illa fengið eða kaupandinn getur ekki gert grein fyrir uppruna fjárins. Eignarréttur nær ekki til þýfis.

**Afvopnum þjófráðana**

Fram hefur komið tillaga um að stofna þjóðarsjóði handa íbúum Rússlands og annarra þjófræðisríkja, sjóði sem upptekið þýfi væri lagt í og geymt þar til þessi ríki verða að réttarríkjum og yrði fénu þá skilað þangað. Þá þarf að veita uppljóstrurum trygga vernd og styðja við bakið á rannsóknarblaðamönnum og stofnunum sem fylgjast með spillingu um heiminn eins og t.d. samsteypunni sem afhjúpaði Panama-skjölin 2016. Þar tóku höndum saman 220 blaðamenn og yfir 100 fjölmiðlar frá 80 löndum og lyftu grettistaki.

Fjárböðun er eitt helzta vopn þjófráðanna sem ógna nú lýðræðinu í æ fleiri löndum, láta greipar sópa um auðlindir almennings og ógra mannréttindum. Þeir geyma illa fengið fé að mestu í Ameríku og Evrópu. Stjórnvöldum þar ber að afvopna þjófráðana með því að girða fyrir fjárböðun. Annars er hætt við að áfram muni fjara undan lýðræði.



# Straumhvörf í meðferð skilnaðarmála



**Gyða Hjartardóttir**
félagsráðgjafi MA, aðjúnkt við HÍ og sérfræðingur í málefnum barna og sáttameðferð hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu



**Sigrún Júlíusdóttir**
prófessor, félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og fjölskylduþerapisti hjá Meðferðarþjónustunni Tengsl

Á Norðurlöndum hafa miklar breytingar orðið í skilnaðarlöggjöf og í þjónustu við foreldra og börn í þeim sporum. Sameiginlegt markmið þeirra er að vernda börnin í skilnaðarferli foreldra með því að gæta sérstaklega að sjálfstæðum rétti, tjáningu og velferð barnanna. Í Danmörku heyrir skipan þessara mála nú undir barna- og félagsmálaráðuneyti, Familiesretshuset, og svipuð skipan er í Svíþjóð og Noregi. Familjerätten í Svíðþjóð er staðsettur innan félagsþjónustunnar, m.a. með samvinnusamtölum (samarbetssamtal) með fræðslu og stuðningi fyrir foreldra, en þyngri mál eru leyst við Tingsrätten. Í Noregi er skilnaðarforeldrum sem eiga börn undir 16 ára skylt að gera með sér samning um foreldrasamvinnu, foreldresamarbeidsavtale.

Í undanfara breytinganna, bæði í Svíþjóð, Danmörku og Noregi hefur verið litið til rannsókna og tölfræðilegra gagna, innlendum sem alþjóðlegum, og er skipan þeirra um margt áþekk. Þótt Norðurlöndin hafi fylgst að í þróun skilnaðarmála þá hefur hlutur Íslands lengst af legið nokkuð eftir. Á Íslandi hafa þó verið unnar gildar rannsóknir, m.a. sem lágu til grundvallar (síðbúinni) löggjöf um sameiginlega forsjá (1992; 2006), og aðrar m.a. um reynslu og viðhorf skilnaðarforeldra um samskipti og búsetu eftir skilnað (2013).

Nýlega, eða í apríl 2019 tóku ný skilnaðarlög gildi í Danmörku. Breytingar sem lögin fela í sér hafa áhrif á þau um 15.000 pör sem þar sækja um skilnað á ári hverju, og þá einkum fyrir foreldra barna undir 18 ára aldri. Hér á eftir er stiklað á stóru um mikilvægustu breytingarnar sem snúa að umgengni, forsjá og jafnri búsetu. Breytingarnar voru samþykktar með miklum meirihluta atkvæða á alþingi Danmerkur.

### Fjölskylduréttarhús

Fram að þessu hafa danskir foreldrar sem eru ósammála um forsjá, lögheimili og umgengni barna sinna, sótt um úrlausn sinna mála hjá „Statsforvaltningen“ í Danmörku, þ.e. stjórnsýslueining sem fór með skilnaðarmál, sambærileg við embætti sýslumanna á Íslandi. Með framkvæmd nýrra skilnaðarlaga var Statsforvaltningen lögð af og í stað þess opnað Fjölskylduréttarhús sem heyrir undir barna- og félagsmálaráðuneyti Danmerkur. Í Fjölskylduréttarhúsinu fer fram skimun á öllum pörum sem óska eftir skilnaði og eiga börn undir 18 ára aldri. Markmiðið er að bæta gæði meðferðar mála, auka málshraða, vernda börnin og draga úr hugsanlegum afleiðingum deilna foreldra, á börnin. Séu foreldrar ekki sammála um umgengni, lögheimili og forsjá barna sinna fá þeir aðstoð í Fjölskylduréttarhúsinu við að ná samkomulagi um þau atriði.

### Áherslan er á börnin

Oft eru það börnin sem tapa mest í flóknum skilnaðarmálum og deilum á milli foreldra. Þess vegna er skv. nýju lögunum sett á laggirnar sérstök barnaeining sem er ætlað að tryggja að sjónarmið barnanna heyrist og sérstakt tillit tekið til þeirra við vinnslu skilnaðarmála. Málastjóri, sem heldur utan um hvert einstakt mál, skal ræða reglulega við barnið. Jafnframt fær hvert barn skipaðan fastan tengilið, talsmann, sem það getur fengið stuðning og ráðgjöf hjá.

### Mismunandi alvarleiki skilnaðarmála

| Grænn | Gulur | Rauður |
| --- | --- | --- |
| Aðilar eru sammála. Geta gengið frá sínum málum á netinu eftir rafrænt námskeið / próf. | Ágreiningur – aðilar ekki sammála. Viðtal og stuðningur við barn / börn, ráðgjöf og stuðningur / sáttameðferð fyrir foreldra. | Mikill ágreiningur, þörf á mikilli aðkomu sérfræðinga með ráðgjöf og jafnvel sáttameðferð fyrir alla fjölskylduna. |
| Ekki þörf á aðkomu sérfræðinga fjölskylduréttarhússins | Þörf á aðkomu sérfræðinga fjölskylduréttarhússins | Aðkoma fjölskylduréttarhússins í formi ráðgjafar og undirbúnings fyrir fjölskylduréttinn |

**Í rannsókninni Eftir skilnað (2013) er að finna hugmynd að líkani sem er byggt á íslenskum rannsóknaniðurstöðum. Því líkani að skipan og þjónustu svipar mjög til dönsku nýbreytninnar sem hér hefur verið greint frá.**

### Grænn, gulur eða rauður?

Málastjórar í Fjölskylduréttarhúsinu flokka málin, og meta alvarleika þeirra og þjónustuþörf eftir því hvort málin greinast sem græn, gul eða rauð. Gert er ráð fyrir að langflest málin verði metin sem græn mál, þ.e. að foreldrar séu sammála um hvernig haga skuli málefnum barna sinna við skilnað. Sú ályktun byggist á niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna um að meiri hluti foreldra, um 80%, geti leyst sín mál sjálfur með upplýsingum, almennum leiðbeiningum og/eða ráðgjöf. Foreldrar í þessum hópi sem eru sammála um umgengni, forsjá og lögheimili, fá þá leyfi til að ganga frá skilnaðarmálinu. Í málum sem eru metin gul, hafa foreldrar þörf fyrir meiri ráðgjöf, stuðning og jafnvel sáttameðferð sem liðkar fyrir sameiginlegri niðurstöðu. Þau mál sem eru metin rauð, eru þau mál þar sem foreldrar eiga í verulegum ágreiningi um börnin sín. Unnið er með þau mál í Fjölskylduréttarhúsinu með fræðslu, samtölum, leiðsögn og sáttameðferð. Hægt verður að áfrýja niðurstöðu Fjölskylduréttarins til dómstóla.

### Umhugsun og endurskoðun í stað skyndiskilnaðar

Fram að þessu hefur par, sem er sammála um að skilja, getað sótt um slíkt á mjög skjótan og auðveldan máta, rafrænt á nokkrum mínútum. Ein af nýmælunum er að par sem á barn eða börn undir 18 ára aldri getur ekki lengur gert slíkt. Samkvæmt nýju löggjöfinni er nú krafist þriggja mánaða endurskoðunartíma. Þessi tími er jafnframt hugsaður til þess að fá skilnaðar- og fjölskylduráðgjöf í Fjölskylduréttarhúsinu. Í þessu felst mikilvæg réttarbót og vernd fyrir börn.

### Allir foreldrar fara í námskeið og taka próf

Það er jafnframt skylda fyrir foreldra sem vilja skilja og eiga börn undir 18 ára að taka rafrænt námskeið sem heitir „Samvinna eftir skilnað“. Námskeiðið er kennsla í þekkingu og verkfærum, sem hjálpar foreldrum til að takast á við breytingar og áskoranir í tengslum við skilnaðinn. Námskeiðið skal fara fram á þessum þriggja mánaða endurskoðunartíma og í kjölfarið skulu allir foreldrar taka rafrænt próf. Prófið á að tryggja að foreldrar fái leiðbeiningar um það hvernig best er að standa að skilnaðinum með hagsmuni barnanna að leiðarljósi, auk fræðslu um hugsanleg viðbrögð barna við skilnaði foreldra sinna. Þetta er forsenda þess að foreldrar fái leyfi til skilnaðar.

### Jöfn staða foreldra

Mikilvægar breytingar, sem snúa að því að jafna stöðu foreldra, tóku jafnframt gildi með nýju lögunum. Nú getur barn haft jafna búsetu hjá báðum foreldrum sínum, en verið er að útfæra framkvæmdina á þessum breytingum með reglugerð. Auk þessara breytinga liggur fyrir frumvarp um að foreldrar með sameiginlega forsjá geti framvegis deilt greiðslum á borð við barnabætur og öðrum greiðslum/bótum tengdum börnum jafnt á milli beggja heimila.

### Lokaorð

Eins og nefnt var hér í upphafi er þekkingargrunnur í skilnaðarmálum nægilegur hér á landi til þess að huga megi fara að allsherjar endurskoðun á skipan skilnaðarmála, þjónustu og vernd barna á Íslandi sem reyna skilnað foreldra sinna. Í rannsókninni Eftir skilnað (2013) er að finna hugmynd að líkani sem er byggt á íslenskum rannsóknarniðurstöðum. Því líkani að skipan og þjónustu svipar mjög til dönsku nýbreytninnar sem hér hefur verið greint frá.

# Til stuðnings evrópsku réttarríki



**Dolores Delgado**
dómsmálaráðherra Spánar

Alfred Bosch, consejero í héraðsstjórn Katalóníu, birti nýverið grein þar sem hann fullyrti að á Spáni væru „kjörnir þingmenn [katalónskir] og kjósendur þeirra sviptir lýðræðislegum og stjórnmálalegum réttindum sínum af pólitískum ástæðum og engu öðru“.

Það er alls ekki rétt. Málavextir eru þeir að báðar deildir spænska þjóðþingsins samþykktu að leysa fjóra katalónska stjórnmálamenn frá þingstörfum, en þeir hafa verið ákærðir fyrir alvarleg brot og sitja nú í gæsluvarðhaldi og bíða dóms eftir að réttað var yfir þeim í hæstarétti. Rétturinn gerði ýmsar ráðstafanir til að tryggja sanngjarna málsmeðferð og gagnsæi réttarhaldanna, svo sem að sjónvarpað væri beint frá þeim.

Þessir fjórir stjórnmálamenn fengu heimild dómara til að vera viðstaddir setningu þingsins og taka við kjörbréfum sínum. Sú ákvörðun að leysa þá síðan frá þingstörfum var tekin að ábendingu þessara sömu dómara en ekki af pólitískum ástæðum, eins og Bosch heldur fram, því verið var að framfylgja spænskum lögum í samræmi við rökstudda greinargerð frá lagaskrifstofu þingsins.

Bosch nefnir í framhaldi af þessu þrjá spænska frambjóðendur til Evrópuþingsins, þá Oriol Junqueras (í gæsluvarðhaldi) og Carles Puigdemont og Toni Comín (í útlegð á flótta undan spænskri réttvísi). Öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins ber að afhenda Evrópuþinginu lista yfir frambjóðendur sem uppfylla öll skilyrði sem þarf til að unnt sé að tilkynna framboð þeirra formlega. Spænsk kosningalög kveða á um að áður en það sé gert þurfi frambjóðendur að sverja spænsku stjórnarskránni hollustueið í eigin persónu og í Madríd, en það vilja Puidgemont og Comín ekki gera, vafalaust til að komast hjá því að standa fyrir máli sínu frammi fyrir spænskum dómstólum. Junqueras gæti aftur á móti fengið lausn úr varðhaldi svo að hann geti uppfyllt fyrrnefnt skilyrði en ákvörðun um það getur enginn tekið nema til þess bær spænskur dómstóll, þ.e.a.s. hæstiréttur.

Allir þessir stjórnmálamenn geta litið svo á að pólitískum réttindum þeirra séu settar skorður, en það er ekki vegna stjórnmálaskoðana þeirra, eins og Bosch fullyrðir, heldur vegna þess að gjörðir þeirra eru taldar brjóta gegn spænskum lögum. Aðrir þingmenn eiga eftir setjast á spænska þjóðþingið og Evrópuþingið og lýsa yfir stuðningi við sjálfstæði Katalóníu hindrunarlaust, vegna þess að ekki er verið að rétta yfir þeim og þeir hafa ekki verið sakaðir um neina glæpi.

Loks nefnir Bosch nýlega álitsgerð – sem felur ekki í sér skuldbindandi niðurstöðu – vinnuhóps um óréttmætar fangelsanir á vegum Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Spánn styður staðfastlega starfsemi Sameinuðu þjóðanna en getur þó ekki annað en látið í ljós djúpstæða undrun yfir þeirri miklu ónákvæmni sem fram kemur í mörgum af niðurstöðum framangreindrar álitsgerðar. Sem dæmi má nefna að horft er fram hjá þrískiptingu ríkisvalds á Spáni, sem er eigi að síður einkenni sérhvers réttarríkis, þegar þess er krafist að ríkisstjórnin láti lausa fanga sem sitja í varðhaldi og bíða dóms, en ákvörðun um slíkt er einungis á valdi dómsvaldsins eins og venjan er í öllum lýðræðisríkjum.



**Allir þessir stjórnmálamenn geta litið svo á að pólitískum réttindum þeirra séu settar skorður, en það er ekki vegna stjórnmálaskoðana þeirra, eins og Bosch fullyrðir, heldur vegna þess að gjörðir þeirra eru taldar brjóta gegn spænskum lögum.**

Ofangreindur vinnuhópur setur sig í dómarasæti og er ekki hlutlaus þegar hann gengur út frá því að niðurstaða sé þegar fengin í máli sem hæstiréttur Spánar er að fjalla um núna og dregur með því í efa sjálfstæði réttarins, auk þess sem hann fer út fyrir valdsvið sitt þegar hann heldur því fram að ekki sé grundvöllur fyrir varðhaldinu, hvað þá sjálfum réttarhöldunum. Bosch lætur hins vegar hjá líða að nefna nýlegan úrskurð Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) sem var kveðinn upp 28. maí í Strassborg og er lagalega bindandi öfugt við niðurstöður ofangreinds vinnuhóps.

Í þeim úrskurði er því haldið fram að í réttarríki séu lögin sjálf trygging fyrir lýðræði og að ákvörðun stjórnlagadómstóls Spánar um að katalónska þingið skyldi leyst upp 9. október 2017 eftir að það lýsti yfir sjálfstæði Katalóníu, hafi verið í samræmi við lög og „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“, enda hafi hún haft það lögmæta markmið að tryggja öryggi almennings og standa vörð um stjórnarskrána.

Ég er sammála Bosch um að Katalóníumenn – rétt eins og aðrir Spánverjar – vilji vera í Evrópusambandinu. Ástæða þess er öðru fremur virðing allra fyrir lögum réttarríkisins, sem leyfa ekki að stjórnskipulagi sé breytt eftir öðrum leiðum en þeim sem samræmast lögum og lýðræði. Í stjórnarskrá Spánar er kveðið á um meiri valddreifingu en í flestum öðrum stjórnarskrám heims, víðtæk völd eru færð til sjálfsstjórnarhéraða ríkisins og mælt er fyrir um löglegar leiðir til breytinga. Eftir þeim leiðum ber að fara.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 20. JÚNÍ 2019

Tíska



Ljóðskáldið Eydís Blöndal telur mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir hvernig iðnaður tískuheimurinn er. Hún er viss um að allir geti gert aðeins betur til að passa upp á plánetuna okkar.

➜4



Hér klæðist Gummi flottum en ekki svo felulegum camouflage-jakka úr Spúútnik og æðisgengnum buxum frá Fashion Nova. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Spreðar fokking ást

Rapparinn Guðmundur Birgir Bender hefur drungalegan stíl enda lent í ýmsu um dagana. Hann segir besta tískuráðið vera að láta fallegt bros sitt skína. ➜2

Fáðu fallegan húðlit í sólinni!




Getur veitt vörn og dregið úr sólarexemi.

Framhald af forsíðu ➜

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mig langar að koma þeim boðskap á framfæri að lífið er æðislegt og þó svo að stundum komi lægðir mun það einungis gera mann sterkari,“ segir Guðmundur sem ólst upp í Grafarvogi og Grímsnesinu og er alla jafnan kallaður Gummi.

Hann er rappari sem gaf út glænýtt lag í byrjun júní, Frið á jörð. Tónlistin á hug hans allan, en líka íþróttir og heimspeki, enda liggur honum margt á hjarta.

„Dagsdaglega reyni ég að lifa jákvæðu lífi og hughreysta aðra. Mér finnst alltof mikið af neikvæðni í þjóðfélaginu, bæði í fjölmiðlum og tónlist þar sem allt snýst um peninga og eiturlyf. Það er bara sorglegt. Dómharka er líka ríkjandi en við ættum aldrei að dæma þá sem eru í kringum okkur því maður hefur ekki hugmynd um hvað sú manneskja hefur gengið í gegnum,“ segir Gummi sem kveðst afskaplega rólegur ungur maður en þó alltaf hress og kátur.

Hann yrkir alla sína texta sjálfur en lögin verða til í samstarfi við Sigga vin hans sem hann segir gera galdra.

„Með tónlistarstílnum vil ég varpa ljósi á „boom bap“ hip hop-senuna. Sjálfur er ég alæta á tónlist en ástríða mín liggur í „boom bap“ og ég lít mikið upp til Forgotten Lores og Skyttanna þegar kemur að textagerð og flæði.“

## Stíllinn endurspegli söguna

Gummi segir tískuna vera sér hugleikna.

„Ég held að þannig sé það hjá nær öllum í dag og sjálfur er ég iðulega með hugann við tísku og útlit, en ég læt samt sem áður álit annarra ekki hafa neikvæð áhrif á mig.“

Stíllinn hans Gumma er að mestu sóttur í hip hop-senuna en hann er líka með blandi af því besta.

„Ég vil að stíllinn minn segi mína sögu. Þótt hann geti litið drungalega út þýðir það ekki að ég sé sjálfur drungalegur enda þótt ég hafi eins og margir lent í ýmsu um ævina. Stíllinn minn segir svolítið frá því og náttúrlega líka að það þarf ekki að eyða miklum peningum til þess að líta vel út,“ segir Gummi sem fer í litrík föt og keðjur þegar hann vill slá um sig.

„Mitt besta tískuráð er að vera besta útgáfan af sjálfum sér á hverjum degi og láta sitt fallega bros skína. Það á við um um alla.“

Eftirlætis tískuverslun Gumma er Fashion Nova og Smash, en uppáhalds flíkurnar í fataskápnum eru einmitt hvítar buxur og peysa frá Fashion Nova.

„Bandaríski rapparinn Big L sálugi var mín fyrirmynd þegar kom að klæðaburði og kom mér í að klæða mig eins og ég klæði mig í dag en ég hef þá skoðun á tísku að „skinny jeans“ passi ekki við neitt. Ég nota skart og fylgihluti eftir því hvernig stuði ég er í, en ég er með átta húðflúr sem eru fagurt skart í sjálfu sér,“ útskýrir Gummi sem ilmar af Invictus og One Million angan fyrir menn.

Markmið sumarsins, og reyndar framtíðarinnar, eru skýr hjá Gumma:

„Það er að lifa því lífi sem ég elska og halda áfram að stefna í góða átt. Spreða fokking ást og reyna að bjarga heiminum. Gera gott á hverjum degi, taka burt neikvæðni og hjálpa þeim sem þurfa með brosi og hvatningu til að halda áfram. Lífið er þess virði að lifa. Það vantar bara fleiri verndarengla til að yfirbuga hatrið og þá verður lífið motherfucking æði.“

Hægt er að hlusta á Frið á jörð með Gumma á soundcloud.com/gummi-bender/gummi-bender-fri-j-r

**Mér finnst alltof mikið af neikvæðni og dómhörku í þjóðfélaginu. Það vantar fleiri verndarengla til að yfirbuga hatrið og þá verður lífið motherfucking æði.**



Gummi í hvítri hettupeysu úr New Yorker með grímu frá Svíaríki.



Gumma er annt um kærleika meðal manna og ber kross frá Fashion Nova.



Svarta jakkann keypti Gummi í New Yorker og uppáhalds buxurnar hans eru úr Fashion Nova. Skórnir eru Air Jordan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# JAKKAR OG YFIRHAFNIR
# 20% AFSLÁTTUR



# Þurfum ekki svona mikið

Ljóðskáldið Eydís Blöndal telur mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir hvernig iðnaður tískuheimurinn er. Hún er viss um að allir geti gert aðeins betur til að passa upp á plánetuna okkar.

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Eydís, sem er 25 ára gömul og nýútskrifuð með BA-gráðu í heimspeki og hagfræði segist ekki pæla of mikið í hverju hún klæðist á degi hverjum. „Ég hef byggt upp góðan grunn af fötum sem ég fíla og passa vel á mig, þannig að dagsdaglega get ég gripið nánast hvað sem er og látið það ganga vel upp.“

Einfaldleikinn er oftar en ekki í fyrirrúmi hjá henni – gallabuxur, peysa og látlausir skartgripir. „Stundum finnst mér samt gaman að klæðast einhverju sem krefst meira af mér, og reyna að finna upp á nýjum samsetningum eða frumlegri múnderingum. Þannig hef ég pælt mikið í mínum persónulega stíl og keypt flíkur í samræmi við það í gegnum tíðina, en hversu mikið ég pæli í því sem ég klæðist á hverjum degi veltur á hversu mikið ég nenni því og þeim tíma sem mér gefst á morgnana,“ segir Eydís.

## Tíska sem tjáningartæki

Þegar hún er spurð út í hugtakið „tíska“ segist Eydís nálgast hugtakið á tvo vegu. „Annars vegar höfum við það sem „er í tísku“, þar sem tískuhugtakið nær til þeirrar stemmingar sem er í samfélaginu hverju sinni og er síbreytilegt. Hins vegar er það svo tjáningartæki einstaklingsins, þar sem hverjum og einum gefst tækifæri til að beita sínu tískuviti til þess að gefa frá sér skilaboð og endurspegla hvaða manneskja búi á bak við klæðin.“ Hún segir að fólk í dag taki tólinu sem tískan er misalvarlega. „En það er ótrúlegt hvað það getur verið gefandi að leyfa sér að nálgast fötin sín á skapandi hátt.“

## Ekki bara markaðssetning

Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað í tískuheiminum varðandi umhverfismál að undanförnu og hefur Eydís tekið eftir miklum breytingum hjá stórum tískufyrirtækjum. „Jafnvel svörtustu sauðirnir eru farnir að leggja meira upp úr því að markaðssetja sig sem siðferðislega þenkjandi og umhverfisvæna.

Manni þykir þó vænna um hin fyrirtækin, sem eru að spretta upp með umhverfishugsjónina í fararbroddi, en viðbrögð markaðsdeilda stórfyrirtækjanna sem sjá einungis gróðatækifæri í þess konar markaðssetningu. Svo ekki sé minnst á hversu hræðilega mótsagnakennt það er – að stærstu aðilarnir í einum af mest mengandi iðnaði heims markaðssetji sig sem umhverfisvæna, til þess eins að selja meira og þar með menga meira,“ segir Eydís.

## Veganismi breytti viðhorfi

Eydís hefur tileinkað sér þann lífsstíl að vera vegan. Viðhorf hennar til neyslu á fötum hefur breyst á síðustu misserum. „Ég var komin með nóg af þessu sjálfmiðaða viðhorfi; að allt í heiminum sé hér til þess eins að þjónusta okkur, ríka fólkið. Sama hvort það eru dýrin, fátækt fólk, eða náttúruauðlindir.

Dýrin eru bara hérna fyrir okkur til að éta eða klappa, fátæka fólkið vinnur þau störf sem við viljum ekki sinna og við borgum því lítið fyrir, ef eitthvað, og náttúran á að skaffa okkur allt sem við þurfum frá henni.“ Einn daginn fékk Eydís nóg af þessu viðhorfi, og þá eiginlega af nauðsyn. „Ef við viljum halda áfram að lifa á þessari plánetu þá þurfum við að taka mörg skref til baka frá þessari brjálæðislegu, úrsérgengnu neysluhyggju. Það er það sem ég er að reyna.“

> **„Jafnvel svörtustu sauðirnir eru farnir að leggja meira upp úr því að markaðssetja sig sem siðferðislega þenkjandi og umhverfisvæna.**

Eydís telur það vera mikilvægt að vera hreinskilin, bæði við aðra og þá aðallega sjálfa sig. Hún gerir sér grein fyrir því að hún er langt í frá fullkomin í þessum efnum en hún er að leggja sitt af mörkum.

„Við erum flest breysk, en reynum eftir fremsta megni að fela breyskleika okkar. Þess vegna, mögulega, þora færri að taka skrefið í átt að því að vera vegan, eða að hætta að kaupa „fast-fashion“ föt, eða hvað sem það nú er, því þau vita að þeim muni ekki takast það fullkomlega í fyrstu tilraun og hverfa þess vegna alveg frá því. Ég tel það vera gagnlegra að vera 95% og leitast innilega við að verða 100%, í staðinn fyrir að vilja ekki einu sinni reyna því að það vanti 5% upp á.“



Helsta tískuráð Eydísar er að láta hvorki einn né neinn hafa áhrif á það hverju þú klæðist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



















**- 50% -**
allt að 50% afsláttur af völdum vörum!

Frábært úrval af **sumarlegum bolum - Verð frá 2.490,-**
















B.
BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN



# Hátískan mætir útivistinni

## Tískuhúsið Chanel er orðið Íslandsvinur eftir að Mousse Partners, sem var stofnað af Charles Heilbronn, hálfbróður Wertheimer-bræðranna sem stýra Chanel, keypti í 66°Norður.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Bandaríska fjárfestingafélagið sem fjárfesti í Sjóklæðagerðinni 66°Norður síðasta sumar er í eigu fjölskyldunnar sem á tískuhúsið Chanel. Markaður Fréttablaðsins greindi frá kaupunum fyrir ári.

Fjárfestingafélagið Mousse Partners var stofnað af Charles Heilbronn, hálfbróður Wertheimer-bræðranna sem stýra Chanel, en auðæfi þeirra eru metin á um 42 milljarða Bandaríkjadala.

Matthew Woolsey hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri alþjóðlegrar starfsemi 66°Norður en hann var framkvæmdastjóri vefverslunarinnar Net-a-Porter sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum þegar kemur að hágæða vörumerkjum í fatnaði. Þar á undan var hann framkvæmdastjóri stafrænna viðskipta hjá Barneys New York.

Chanel er eitt þekktasta vörumerki heims. Fjölmargar stórstjörnur hafa verið andlit fyrirtækisins og nægir að nefna Nicole Kidman, Keira Knightley, Kristen Stewart, Cara Delevigne og sjálfa Marilyn Monroe.

Ætli frægasta vara Chanel sé ekki ilmvatnið Chanel No. 5 en það kemur beint úr hönnunarvasa sjálfrar Coco Chanel. Þá ber Chanel ábyrgð á því að hafa blandað hátísku og hversdagstísku og skapað þannig sérstöðu sem hefur verið nánast þeirra aðall síðan.

Karl Lagerfeld skapaði svo hverja flíkina á fætur annarri sem vakti bæði áhuga og undrun.

Chanel er ekki aðeins í fötunum eða ilmvötnum því það gerir einnig úr, farða og á þrjá vínbúgarða, tvo í Bordeaux og einn í Napadalnum í Bandaríkjunum.

66°Norður skilaði um 100 milljóna króna rekstrarhagnaði á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um liðlega 60 milljónir frá fyrra ári.

Tekjur fyrirtækisins, sem rekur tíu verslanir hér á landi og tvær í Kaupmannahöfn, jukust hins vegar um rúmlega 600 milljónir á árinu og námu samtals 4,47 milljörðum króna. Hjónin Helgi Rúnar Óskarsson og Bjarney Harðardóttir eiga núna rúmlega helmingshlut í 66°Norður.



Marilyn Monroe var eitt sinn andlit Chanel-ilmvatnsins margfræga.



Alain og Gerard Wertheimer, eigendur Chanel merkisins.




Brad Pitt og Chanel hafa haldist í hendur í töluverðan tíma.



Díana prinsessa í Chanel á götum úti en hún var mikill aðdáandi.




Kaia Gerber hefur fetað í fótspor móður sinnar Cindy Crawford og sýnt föt fyrir Chanel.



FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Lottóvinningar inni á milli

**Mikil vitundarvakning hefur orðið í umhverfismálum undanfarið. Samfara því hefur færst í aukana að fólk kjósi að kaupa notuð föt.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Við finnum aðallega fyrir hugarfarsbreytingunni. Það er orðin lífsstíll hjá fólki að kaupa notuð föt. Það verslar ekki bara hjá okkur af nauðsyn," segir Guðbjörg Rut Pálmadóttir, flokkunarstjóri fatasöfnunar Rauða krossins.

„Þegar við flokkum erum við fyrst og fremst að hugsa um að flokka það sem er heilt og hreint og það sem við sjáum að er söluvara, en okkur finnst skemmtilegast að fá eitthvað sem er áhugavert og öðruvísi. Það sem er verðmætast fyrir okkur eru föt með karakter."



Guðbjörg segir eldri föt seljast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Guðbjörg segir að eldri vönduð föt úr fallegum efnum sem endast seljist alltaf vel. „Sem sýnir okkur hvað góð efni eru mikilvæg." Hún bætir við að þetta sé þó allavega. Núna eru til dæmis gamlir snjáðir stuttermabolir í tísku og þeir rjúka út úr búðunum.

„Við flokkum aðeins fötin eftir því í hvaða búð þau fara, það eru fimm búðir á höfuðborgarsvæðinu og að mig minnir átta úti á landi," segir Guðbjörg.

Búðirnar á Laugavegi 12 og Skólavörðustíg eru með aðeins annað úrval en hinar búðirnar. Á Skólavörðustíg fer mikið af merkjavöru og sparifötum. „Þangað fara líka þessi föt sem hafa sérstöðu, sérstök efni, fallegir litir og sérstök snið. Líka tímabilsföt eins og 80's og 90's föt og þess háttar. Þessi tímabil koma og fara inn og út úr tískunni. 80's tímabilið var til dæmis mjög vinsælt þegar ég byrjaði að vinna við þetta fyrir sex árum. Á þeim tíma hefur retrótískan spannað 20 ár frá 1980-2000," segir Guðbjörg.

Búðin á Laugavegi 12 er meira miðuð að ferðamönnum. Þangað fer mikið af lopavörum. „Þetta er búðin þar sem túristarnir versla, þeir eru mjög góðir viðskiptavinir hjá okkur. Við höfum orðið vör við að þeir leita okkur uppi því þeir hafa kynnt sér búðir með notaðan varning áður en þeir koma til landsins," segir Guðbjörg. „Þeir vilja oft frekar kaupa lopann af okkur heldur en annars staðar. Enda er hann miklu ódýrari."



Föt með karakter eru verðmæt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í búðunum á Hlemmi, Mjódd, Hafnarfirði og úti á landi eru seld blönduð föt. Allt frá gúmmískóm yfir í merkjavöru. Þar er líka oft hægt að fá heimilisvörur. Það koma reglulega stórar sendingar af fötum í búðirnar og alla vikuna er verið að taka ný föt. „Ég var að vinna í búðinni á Skólavörðustíg um daginn og það var kona sem kom þegar búðin var opnuð. Hún kom svo aftur rétt fyrir lokun og sagði: „Guð minn góður, það er hellingur af nýju síðan áðan!" Svona er það stundum. Fólk er að átta sig á hvað getur verið spennandi að kaupa notuð föt. Það eru alveg lottóvinningar þarna inni á milli," segir Guðbjörg.

Þau föt sem ekki eru nýtt á Íslandi eru seld í flokkunarstöð í Þýskalandi sem selur sum fötin í búðir fyrir notuð föt en sendir það sem ekki nýtist sem föt í tætingu. Efnið er svo endurnýtt í einangrunardúka og ýmiss konar fyllingarefni. Guðbjörg segir að hver einasta tuska sem berist til Rauða krossins nýtist þeim til góðs. „Það fer ekkert í rusl hjá okkur nema það sem er blautt og myglað. Þess vegna er svo mikilvægt að ganga vel frá fatapokunum."




SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Kjólar // Túnikur
Kr. 12.900.-
-Strl. 40/42-56/58



Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
AKU
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Aukin mýkt við ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
GORE-TEX
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
Dempun
Custom fit innlegg
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
Vibram sóli
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
kvenna/herra
AKU SUPERALP GTX
39.990 kr.
STÆRÐIR 35-48
Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.
Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.
Hafðu AKU með í valinu
Léttir gönguskór / herra/kvenna
AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.
Borgarskór / kvenna
AKU RIVA HIGH GTX
26.990 kr.
Léttir borgarskór / herra
AKU BELLAMONT II MID PLUS
26.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Gönguskór með góðan stuðning kvenna/herra
AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Borgarskór / herra
AKU LEDRO FG MID GTX
26.990 kr.
fáanlegir í 3 litum
Lágir gönguskór borgarskór / kvenna
AKU BELLAMONT GAIA GTX
23.990 kr.
NÝTT
NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / herra
AKU CLIMATICA GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna
AKU CLIMATICA SUEDE GTX
24.990 kr.
Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna
AKU TENGU LOW GTX
27.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**

**Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferðavagna á söluskrá og á staðinn.**

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfða í húsn. Bílalindar,**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólhýsi



**TIL SÖLU LÍTIÐ NOTAÐUR ADRIA 2014**
ADRIA/ALTEA hjólhýsi 2014 TILBÚINN Í FERÐALAGIÐ. Fullt af aukahlutum fylgja. Sk. 2020 Verð 2.600.000 Uppl. 893 9999

### Bátar



**SKEMMTIBÁTUR TIL SÖLU.**
Glæsilegur skemmtibátur, Skilsö 33 árg. 2000. Svefnpláss fyrir 4-6. Vél, volvo penta D6 370 hp árg. 2009. Góð tæki, bátur í topp standi. Uppl. S: 893 6109 kollioggreta@simnet.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**TRAUSTI** fasteignasala



**Garðar Hólm**
Löggiltur fasteignasali
S: 899-8811

## Kristnibraut 55



**OPIÐ HÚS Í DAG, FIMMTUDAG**

Þriggja herbergja útsýnisíbúð í fallegu fjölbýli í Grafarholti í Reykjavík. Um er að ræða eign sem er skráð skv F.M.R. 98,6 fm. Svalir með svalalokun eru út frá stofu.
Opið hús á morgun, fimmtudag kl. 18.00-18.30.
**Verð: 42.900.000**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## Djúpavogshreppur - deiliskipulag

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

**Djúpivogur – efsti hluti Borgarlands**

Deiliskipulagssvæðið er 1,4 ha að stærð og nær yfir efsta hluta Borgarlands á Djúpavogi. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir uppbyggingu sjö einbýlishúsa og eins parhúss, auk bílastæða og göngustíga.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi á skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og er einnig aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is undir liðnum Skipulagsmál/Mál í kynningu.

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 20. júní til 1. ágúst 2019. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á skipulag@djupivogur.is, eigi síðar en 1. ágúst 2019. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

***Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps***



**Honda HR-V Elegance**
Nýskráður 3/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**
Afborgun kr. 38.881 á mánuði



**Honda CR-V Lifestyle dísil**
Nýskráður 1/2013, ekinn 102 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**
Afborgun kr. 39.776 á mánuði



**Honda CR-V Lifestyle 7 manna**
Nýskráður 11/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Sýningarbíll frá umboðinu.
Ásett kr. 6.640.000
**Tilboð kr. 5.990.000**
Afborgun kr. 77.732 á mánuði



**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 2/2015, ekinn 63 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.690.000**
Afborgun kr. 47.446 á mánuði



**Honda Civic Sedan**
Nýskráður 10/2017, ekinn 18 þús.km., bensín, beinskiptur, 182 hestöfl.
**Verð kr. 3.090.000**
Afborgun kr. 40.176 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

## Völuteigur 31 og 31A

270 Mosfellsbæ







Atvinnuhúsnæði samtals 4.700 fm í tveimur húsum.
15.000 fm malbikuð lóð með aðgangsstýrðu innkeyrsluhliði
Hiti í plani að hluta
Góð skrifstofu- og starfsmannaaðstaða
Fulkomið loftræsti- og brunavarnarkerfi

Völuteigur 31 er 1.965 fm límtréshús byggt árið 1985
- laus til afhendingar í sumar

Völuteigur 31A er 2.736 fm einingahús byggt árið 2007

Leigusamningur fylgir stærri eigninni

Eignirnar eru til sölu saman eða í sitt hvoru lagi

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Nánari upplýsingar veitir:
**Ásgrímur Ásmundsson,** hdl og lögg. fasteignasali
asi@miklaborg.is **sími:** 865 4120



Nánari upplýsingar veitir:
**Þröstur Þórhallsson,** lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634

**- með þér alla leið -**

# BÆJARLIND 5 - 201 KÓPAVOGI

## Opið hús í dag 20. júní kl 18:00 - 19:00






Glæsilegar og vandaðar íbúðir í 11. hæða fjölbýli miðsvæðis í Kópavogi.

- Fallegar og vandaðar 2ja – 4ra herbergja íbúðir
- Vandaðar innréttingar
- Innbyggður ísskápur, uppþvottavél og spanhelluborð
- Allar svalir með svalalokun
- Vélræn loftræsting
- Stæði í bílageymslu

## 2ja-3ja-4ra Nýjar útsýnisíbúðir










**Verð frá 39,4 m. • Stærðir frá 62 fm.**

Allar upplýsingar veita:



Ólafur Sævarsson
s:820-0303
olafur@domusnova.is



Hrafnkell Pálmason
s: 690-8236
hrafnkell@domusnova.is



Björgvin Rúnarsson
s: 855-1544
bjorgvin@domusnova.is

# DOMUSNOVA
Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins - Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - www.domusnova.is - Sími 527 1717

Sláttur, klippingar, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

# Keypt & Selt

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ar beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði til sölu



**TILBÚIÐ NÝTT HÚS!**

2 svefnh. 2 baðh. Tilbúið til notkunar. 3,9 millj útborgun og svo rest á 48 mánuðum. Verð 7,9 mills. Uppl. www.nordurhus.is 820-5181



**AUÐVELD KAUP!**

38 ferm. sumarhús í Eyrarskógi 50 min. úr bænum.2 svefnh. 2 baðh. svefnpláss fyrir 6 manns. Leyfi fyrir annað hús. Falleg lóð. Verð 7.9 mills. Greiðslukjör. Uppl. 820-5181

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**STARF Á HESTALEIGU**

Vantar vanan mann í sumar á hestaleigu 30 km. frá Reykjavík. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl. í s: 616- 1569

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta




## Tilkynningar

### Auglýsing um Skipulags-mál í Skaftárhreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:**

**Breyting á aðalskipulagi - Hæðargarður.**
Um er að ræða tillögu að breytingu á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð í samræmi við skipulagslög 123/2010. Viðfangsefni tillögunnar er, vegna skorts á íbúðarlóðum innan þéttbýlisins til lengri tíma, að gera eftirfarandi breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri:

- Skilgreindur er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu, V-10, milli þjóðvegar og frístundabyggðar F-4 í gildandi aðal-skipulagi, en reiturinn liggur meðfram þjóðvegi 1 þar sem í dag er skilgreint óbyggt land.
- Norðurendi svæðis frístundabyggðar F-4 í gildandi aðal-skipulagi er breytt í íbúðarsvæði ÍB-7.
- Íbúðarsvæði ÍB-6 er skipt upp í tvö svæði , ÍB-6 og ÍB-8.
- Skilmálum fyrir íbúðasvæði ÍB-6, legu og stærð er breytt, lóðum er fjölgað innan svæðisins og nýtingarhlutfall hækkað.
- Settir eru skilmálar fyrir ný íbúðasvæði ÍB-7 og ÍB-8.
- Opið svæði Ú-10 verður skilgreint á milli verslunar- og þjónustu V-10 og íbúðarsvæðis ÍB-7 og frístundabyggðar F-4.

**Breyting á aðalskipulagi – þétting byggðar á Kirkjubæjar-klaustri**
Um er að ræða tillögu að breytingu á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð í samræmi við skipulagslög 123/2010. Um er að ræða fjölgun íbúða úr 19 í 38 á þegar skilgreindu íbúðar-svæði ÍB-2, Skerjavellir, Skriðuvellir og Klausturvegur.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**Deiliskipulag – þétting byggðar – Presttún.**
Nýtt deiliskipulag á Presttúni. Um er að ræða 4 einbýlis-húsalóðir og 2 parhúsalóðir.

**Deiliskipulag – þétting byggðar – Læknisbústaður/Heilsu-gæslureitur.**
Nýtt deiliskipulag fyrir Læknisbústað/Heilsugæslureit. Deili-skipulagssvæðið nær yfir 1,23 ha svæði. Á því er gert ráð fyrir 3ja íbúða raðhúsi, 1 parhúsi, 1 einbýli á einni hæð og 5 einbýlishúsum á 1-2 hæðum..

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með **fimmtudeginum 20.júní til 1.ágúst 2019.** Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps***

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

## FJÁRMÁLASTJÓRI TIL LEIGU

Er bókhaldið eftir á? Stemmir ekki? Á eftir að skila ársreikn-ingi? Eru skýrslurnar úr bókhaldskerfinu ekki eins og þær eiga að vera? Ertu með bestu lánakjör? Vantar eigið fé? Leysum vandamálin stór og smá. Löng reynsla, mikil þekking og sanngjarnt verð.

**Fjarmalastjorn@gmail.com**



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, Rvk.
PREKTÆKI

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

*Snyrti & Nuddstofan Smart*
*Kirkjulundi 19 – 210 Garðabæ*



- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**
**Viftur • Blikkrör • Aukahlutir**
**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Loftslagsbreytingar og álag og öryggi bygginga



Sigríður Ósk Bjarnadóttir
doktor í byggingaverkfræði

Hitastig jarðar hefur hækkað á síðustu öld. Þessi hlýnun hefur í för með sér bráðnun jökla, hækkun sjárvarmáls, hlýnun sjávar og auknar líkur á öfgaveðri. Vísindamenn eru almennt sammála um að þessi hlýnun sé af mannavöldum. Það hefur verið mikil aukning í losun á gróðurhúsalofttegundum á síðustu árum vegna aukins iðnaðar.

55 ríki undirrituðu Parísarsáttmálann 2015 með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland er aðildarríki að sáttmálanum og hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030. En þrátt fyrir þessa stefnu erum við nú þegar byrjuð að glíma við þær afleiðingar sem fóru af stað í kjölfar iðnbyltingarinnar.

Mikið hefur verið rætt um ýmsar aðgerðir í byggingariðnaðinum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Til dæmis er Nýsköpunarmiðstöð Íslands að þróa og prófa vistvæna steypu. Límtré (CLT, Cross Laminated Timber) er að ryðja sér til rúms sem byggingarefni í einbýlis- og fjölbýlishúsum hérlendis. Minna hefur verið rætt um aðlögunaraðgerðir, þ.e. hvað erum við að gera til þess að aðlagast þeim loftslagsbreytingum sem eru nú þegar til staðar?

Byggingar eru hannaðar til þess að standast ákveðnar álagsforsendur. Það er að segja efnisstyrkur þarf að vera nægur til þess að standast ákveðið álag. Það eru samt óvissuþættir sem eiga alltaf eftir að leiða til einhvers tjóns. Það er ákveðin óvissa í framleiðslu á byggingarefnum og í uppbyggingu bygginga. Það má reikna með enn meiri óvissu þegar það er verið að áætla álag vegna veðurs. Það er of kostnaðarsamt að hanna til að koma í veg fyrir öll tjón og þess vegna þurfa hönnuðir og notendur að sætta sig við ákveðna áhættu í áreiðanleika bygginga.

Álagsforsendur eru að hluta til ákvarðaðar út frá veðurfari. Byggingar þurfa að standast ákveðið álag frá veðri eins og til dæmis vindálag, rigningarálag og snjóálag. Þegar álagsforsendurnar eru ákvarðaðar er litið til fortíðarinnar. Ef gert er ráð fyrir því að veðurfar muni breytast vegna aukinna gróðurhúsalofttegunda þá þarf að skoða hvaða breytingar eiga eftir að eiga sér stað á líftíma byggingarinnar.

Náttúruhamfaratryggingar Íslands reikna að um einn fjórði af tjónakostnaði síðustu þrjátíu ára sé tilkominn vegna atburða sem tengjast loftslagi. Tryggingafélög í Bandaríkjunum og Bretlandi eru nú farin að mælast til þess að byggingar staðsettar á skilgreindum hættusvæðum séu hannaðar á grunnvelli álagsforsendna sem eru 10-20% hærri en hönnunarforsendur í byggingarreglugerð segja til um. Með því að hækka grunngildi álags er verið að knýja fram sterkari hönnunarlausnir.

**Ef það má áætla að veðurfar breytist vegna breytinga í loftslagi verða byggingarnar okkar ekki að vera tilbúnar til þessa að standast það álag?**

Ef það má áætla að veðurfar breytist vegna breytinga í loftslagi verða byggingarnar okkar ekki að vera tilbúnar til þessa að standast það álag? Það er brýnt að skoða hversu mikilla breytinga í álagsforsendum má vænta á næstu 100 árum. Meta þarf hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að draga úr tjónnæmi bygginga og athuga hversu lengi þær eru að borga sig. Einnig þarf að skoða hvað á að gera til þess að styrkja byggingarnar og mannvirkin sem eru nú þegar í notkun til að lágmarka tjón og kostnað í framtíðinni. Allar rannsóknir benda til þess að aðstæður eigi eftir að breytast og þegar við erum að horfa á 50 til 100 ára líftíma bygginga þarf að meta þessar breytingar og vera tilbúin fyrir framtíðina.





ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Norðurslóðir fyrr og síðar



**Einar Benediktsson**
fyrrverandi sendiherra

Ummæli Jens Stoltenberg, aðalframkvæmdastjóra NATO, við nýlega komu til Íslands, voru tímabær hugvekja um varnar- og öryggismál á tímum viðhorfsbreytinga víða um lönd; ólík þróun og mismikil en tilefni umræðu um stöðu eða þátttöku í hefðbundinni alþjóðasamvinnu. Öflug samvinna á óvissutímum var heiti fyrirlesturs Stoltenbergs í Norræna húsinu 11. júní. Þess mátti þá minnast að Ísland var meðal 16 stofnaðila Atlantshafsbandalagsins við undirritun hinnar merku stofnskrár þess í Washington 4. apríl 1949. Það gerði Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra fyrir Íslands hönd. Um aðildina urðu hörð pólitísk átök og skal Bjarna ávallt minnst sem leiðtogans, sem stóð í stafni og kom málinu í höfn á Alþingi. Aðildin að NATO, sigursæl barátta í landhelgismálinu og þátttaka í efnahagssamvinnu Evrópu voru til gæfuríkar stefnumótunar hins unga íslenska lýðveldis.

Hér skal í stuttu máli dregið saman það sem höfundur taldi áhugaverðast í ræðu og svörum aðalframkvæmdastjórans. Í 70 ára sögu NATO hefði varðveisla friðar í Evrópu hvílt á styrk bandalagsins, traustri tengingu Evrópu og Norður-Ameríku og lágspennu samskipta á norðurskautssvæðinu. Í þeim efnum þyrfti ekki að fjölyrða um mikilvægi landlegu Íslands, sérlega á óvissutímum. Eftirlitsflugið frá Íslandi nú væri þýðingarmikið. Þrátt fyrir áróður fjölmiðla um að Bandaríkin hefðu horfið frá varnarskuldbindingum, væri staðreyndin sú að framlag þeirra til varna Evrópu hefði aukist sem og varnarfjárlög Evrópulanda frá fyrri niðurskurði. Samtímis hefði hernaðargeta Rússa á Norðurslóðum stöðugt aukist og framtíð INF-samningsins um upprætingu meðaldrægra kjarnavopn væri í hættu. Í krafti styrkleika NATO þyrfti að hefja viðræður við Rússa í anda þess sem áður var á dögum erfiðrar sambúðar. Ísland kæmi nú mjög inn í þá mynd vegna formennskunnar í Norðurskautsráðinu. Við værum reynslunni ríkari vegna ráðstefnunnar í Höfða sem mjög kemur við sögu í afvopnunarmálum.

INF er annars skammstöfun fyrir Intermediate-Range Nuclear Forces Treaty – Aðilar að INF-samningnum voru Bandaríkin og Sovétríkin og var samningurinn staðfestur af Reagan og Gorbachev 1. júní 1987. Samningurinn leggur bann við öllum eldflaugum á landi hjá báðum aðilanna, stýriflaugum og skotpöllum að drægi 500–1.000 km. Höfundur minnist veru sinnar sem fastafulltrúi í NATO á þessum tíma og þeirrar bjartsýni sem ríkti með að afvopnunarstefna bandalagsins bæri árangur. Reglulegir fundir voru með bandaríska samningamanninum George Shultz og utanríkisráðherrum aðildarríkja, þá Matthíasi Á. Mathiesen og síðar Steingrími Hermannssyni fyrir Íslands hönd. Þar sat Ísland, þótt vopnlaust væri, við sama borð og aðrir.

**Í tilefni þjóðhátíðardagsins var minnt á að sem fullvalda ríki í samfélagi þjóðanna, sækjum við fram vegna hagsmuna okkar. En því fylgir þá skylda um tillitssemi við aðra þegar enginn er hagsmunaárekstur. Mættu alþingismenn hafa það hugfast og kasta ekki með málþófi rýrð á virðingu þeirrar göfugu, aldagömlu stofnunar sem þeirra er að gæta.**



Sé horft um öxl, þá varð Ísland í raun hluti af varnarkerfi Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni við að í júlí 1941 kemur bandarísk hersveit til Reykjavíkur; 65 árum síðar, í október 2006, lýkur hernaðarlegri viðveru þeirra hér við að bandaríski flugherinn fer frá Keflavík. Eftir var sem áður tvíhliða varnarsamningurinn frá 1952 og ýmsar samningsbundnar ráðstafanir vegna brottfararinnar, þar með tímabundið óvopnað eftirlitsflug ýmissa NATO-ríkja og Svíþjóðar og Finnlands. Síðar kom staðsetning nýrra fullkomnari flugvéla til kafbátaleitar. Þegar fækkun í varnarliðinu boðaði brottför þess, gerði Davíð Oddsson sitt ýtrasta gegn því að svo yrði. Enda er skemmst frá því að segja að við brottför Bandaríkjahers myndaðist tómarúm í varnarmálum á lykilsvæði norðurslóða. Þá birtast Kínverjar sem að eigin sögn eiga hlutdeild í norðurskautssvæðinu vegna nálægðar. Og ekki hefur Ísland farið varhluta af þeim áhuga.

Svo sem fyrr segir var það gæfuspor, að Ísland skipaði sér frá upphafi í raðir vestrænna lýðræðisríkja sér til varnar. Forsendur til að svo sé og verði hafa ekki breyst. Á hinn bóginn breytast aðstæður í tímans rás og ný vandamál krefjast framtaks af okkur sem öðrum. Í tilefni þjóðhátíðardagsins var minnt á að sem fullvalda ríki í samfélagi þjóðanna, sækjum við fram vegna hagsmuna okkar. En því fylgir þá skylda um tillitssemi við aðra þegar enginn er hagsmunaárekstur. Mættu alþingismenn hafa það hugfast og kasta ekki með málþófi rýrð á virðingu þeirrar göfugu, aldagömlu stofnunar sem þeirra er að gæta.



# Glæpur gegn náttúru Íslands



Tryggvi Felixson,
formaður Landverndar



Við Sogin við Trölladyngju er minnisvarði um þau miklu óþörfu landspjöll sem HS Orka hefur valdið án nokkurs ávinnings fyrir samfélagið. Þar var byggður vegur og borpallur á einstaklega fögru jarðhitasvæði, því var bókstaflega rústað. Í kjölfarið fylgdu árangurslausar boranir eftir jarðvarma. Eftir stendur minnisvarði um afglöp HS Orku. Fögru jarðhitasvæði var spillt varanlega, ávinningurinn er enginn, þjóðin glataði enn einu af náttúrudjásnum sínum.

Nú stefnir í að fyrirtækið, sem nú er í eigu okkar allra þar sem fjölmargir lífeyrissjóðir hafa tekið höndum saman og eiga um helmingshlut í fyrirtækinu, ætli sér að fremja enn meira umhverfisóðæði á Ófeigsfjarðarheiði á Ströndum. Sveitarfélagið hefur samþykkt deiliskipulag og veitt framkvæmdaleyfi þar sem gert er ráð fyrir miklum framkvæmdum við vegagerð á einum stærstu samfelldu víðernum Evrópu.

Hingað til hafa rannsóknir vegna vatnsaflsvirkjana verið framkvæmdar með það í huga að valda sem minnstu raski. Rannsóknir geta jú eðli málsins samkvæmt leitt til þess að hætt verði við framkvæmd þar sem fram koma nýjar og gagnlegar upplýsingar sem hafa áhrif á allar forsendur. Því er mikilvægt að takmarka öll spjöll á rannsóknarstigi. Hjá HS Orku kveður við annan tón. Fyrirtækið hyggst eyðileggja sem mest í nafni rannsókna og ganga í berhögg við sjálft rannsóknarleyfið.

Þann 13. júní 2019 veitti sveitarfélagið framkvæmdaleyfi til að hleypa þessari atlögu gegn landinu af stað.

Höfum við þrátt fyrir allt ekkert lært á langri vegferð um verðmæti óspilltra náttúru? Kunnum við enn ekki að ganga gætilega um landið okkar þrátt fyrir allar yfirlýsingar og lög þar um? Ef þessi vegferð verður ekki stöðvuð er svarið því miður „nei“ við þessum spurningum.

Baráttunni er ekki lokið. Málið er of mikilvægt til þess að unnendur íslenskrar náttúru geti lagt árar í bát. Þeirri baráttu má leggja lið með því að taka undir kröfu Landverndar um að friðlýsa Drangajökulsvíðerni; askorun. landvernd.is

# Framkvæmdir dulbúnar sem rannsóknir



Pétur Halldórsson
formaður Ungra umhverfissinna

Hreppsnefnd Árneshrepps hefur nú samþykkt að veita Vesturverki ehf. framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu vegna jarðvegsrannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Þetta framkvæmdaleyfi gefur þó ekki leyfi fyrir virkjuninni sjálfri enda krefst slíkt leyfi þess að heildaráhrif verkefnisins séu þekkt en áhrif tengingar við Landsnetið hafa enn ekki verið metin. Umrætt framkvæmdaleyfi er því eingöngu í rannsóknarskyni.

Sé kafað dýpra í málið kemur hins vegar í ljós að ekki er allt með feldu. Ófeigsfjarðarheiði er í dag ekki aðgengileg með venjulegum vegasamgöngum og því ekki hægt að nota venjuleg ökutæki til að flytja rannsóknabúnaðinn, t.d. svokallaða kjarnabora. Venjulega er slíkt leyst með því að flytja tækjabúnað á veturna, meðan heiði er snævi þakin, eða með þyrlu og má þannig komast hjá því að rannsóknir valdi of miklu raski. Umrætt framkvæmdaleyfi gerir hins vegar ráð fyrir að vegir fyrir þungavinnutæki séu lagðir að öllum áformuðum stíflustæðum virkjunarinnar. Það myndi krefjast gífurlegs rasks því erfitt er að leggja vegi yfir berar klappir líkt og þær sem einkenna Ófeigsfjarðarheiði. Á þennan hátt væri framkvæmdin því í raun hafin, þrátt fyrir að leyfið sé einungis ætlað rannsóknum og enn sé ekki búið að meta heildar umhverfisáhrif verkefnisins.

Þetta getur ekki talist ásættanlegt en sumir spyrja kannski hvort ekki sé til staðar rökstuðningur fyrir því að leggja vegi í stað þess að flytja búnaðinn með öðrum hætti. Slíkar vangaveltur voru tilefni erinda sem félagið Ungir umhverfissinnar sendu hreppsnefnd Árneshrepps í apríl og maí sl. en félagið vildi vita hvort búið væri að bera saman kostnað og umhverfisáhrif ólíkra aðferða við flutning á rannsóknarbúnaði. Í viðbrögðum hreppsins var spurningunni hins vegar ekki svarað og hefur félagið því þurft að ítreka fyrirspurnina. Fregnir um samþykkt útgáfu framkvæmdaleyfis vöktu því mikla furðu því samanburður á valkostum er nauðsynlegur fyrir málefnalega meðferð við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Það er greinilegt að íslenska þjóðin er enn að læra að umgangast náttúruna þótt tæp 50 ár séu síðan Halldór Laxness skrifaði um hernaðinn gegn landinu. Eini munurinn er í raun sá að í dag hefur ástandið versnað og litlar líkur eru á bjartri framtíð fyrir ungt fólk. Það er því ekki seinna vænna en að virða náttúruna að verðleikum og taka ekki ákvarðanir um framkvæmdir fyrr en heildaráhrifin eru þekkt. Rannsóknir sem þessar ætti því ávallt að gera án óþarfa rasks.



# Finnst þetta vera gott skref

**Landsliðsmaðurinn Ómar Ingi Magnússon samdi í gær við Magdeburg í Þýskalandi til fjögurra ára og gengur til liðs við félagið næsta sumar. Hann verður sjötti Íslendingurinn sem leikur með félaginu.**



Þrátt fyrir ungan aldur er Ómar Ingi kominn í stórt hlutverk með íslenska karlalandsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HANDBOLTI** Ómar Ingi Magnússon samdi í gær við Magdeburg í Þýskalandi til fjögurra ára og gengur til liðs við félagið næsta sumar. Hann mun því leika með danska félaginu Álaborg næsta tímabil eftir að hafa orðið danskur meistari og danskur bikarmeistari í vetur áður en hann heldur til Þýskalands.

Fyrr í vetur fóru að heyrast raddir um að Ómar Ingi væri ofarlega á óskalista Magdeburg þegar í ljós kom að sænska skyttan Albins Lagergren væri á förum til Rhein-Neckar Löwen. Nú hefur verið gengið frá félagsskiptunum og skrifaði Selfyssingurinn undir fjögurra ára samning hjá þýska félaginu.

Magdeburg er stórveldi í þýskum handbolta sem lenti í þriðja sæti deildarkeppninnar á nýafstöðnu tímabili. Undir stjórn Alfreðs Gíslasonar vannst eini meistaratitill félagsins eftir sameiningu Þýskalands árið 2001 en þar áður var félagið afar sigursælt í Austur-Þýskalandi. Þá tókst liðinu að vinna Meistaradeild Evrópu undir stjórn Alfreðs ári síðar og hefur alls þrisvar lyft Meistaradeildarbikarnum.

Ómar Ingi var staddur í heimabæ sínum, Selfossi, í fríi að safna kröftum fyrir næsta tímabil þegar Fréttablaðið náði í hann.

„Fyrst og fremst er ég auðvitað bara mjög ánægður og stoltur af að vera búinn að skrifa undir hjá félagi eins og Magdeburg. Þetta er stór klúbbur með mikla sögu, flottan heimavöll þar sem áhorfendur láta vel til sín taka og það verður gaman að fá að spila fyrir félagið.“

Íslendingar hafa gert það gott með félaginu. Í meistaraliðinu undir stjórn Alfreðs var Ólafur Stefánsson í lykilhlutverki og Sigfús Sigurðsson. Styttra er síðan Einar Hólmgeirsson og Björgvin Páll Gústavsson léku með liðinu líkt og Arnór Atlason sem er nú aðstoðarþjálfari hjá félagsliði Ómars í Danmörku, Álaborg. Þrátt fyrir það segist Ómar aðspurður ekki hafa leitað ráða hvað varðar félagið enda fann hann það á sér að þetta væri gott skref.

„Það hafa margir Íslendingar verið þarna, sem er jákvætt. Þetta er mikil handboltaborg og það myndast mikil stemming í kringum liðið. Mér fannst ég ekki þurfa að leita ráða með þetta lið, ég fékk þá tilfinningu að þetta væri rétt skref á ferlinum,“ segir Ómar sem hreifst af leikstíl liðsins.

> **Leikstíll liðsins hentar mér vel, hvernig handbolta þeir spila og ég held að þetta sé góður staður fyrir mig til að bæta mig.**
>
> Ómar Ingi Magnússon

„Leikstíll liðsins hentar mér vel, hvernig handbolta þeir spila og ég held að þetta sé góður staður fyrir mig til að bæta mig. Ég spurðist aðeins fyrir um þjálfarann hjá þeim sem þekktu til en þurfti ekki mikla rannsóknarvinnu áður en ég var búinn að skrifa undir. “

Aðspurður segir Ómar að það sé undir honum komið að sanna sig þrátt fyrir að hann sé titlaður sem arftaki Lagergrens á heimasíðu Magdeburg.

„Þeir sýndu mikinn áhuga á að fá mig og þjálfarinn virtist mjög áhugasamur, sem var jákvætt. Maður fann fyrir miklu trausti frá þjálfarateyminu en það er auðvitað erfitt að lofa leikmönnum spiltíma. Það mun ráðast af því hvernig ég stend mig og hvernig ég er í leikjum og innan liðsins. “

Ómar mun leika út samning sinn hjá Álaborg í Danmörku þar sem ný áskorun tekur við að verja titlana sem félagið vann á þessu tímabili. Ómar var stoðsendingahæstur í deildinni á fyrsta tímabili sínu með Álaborg eftir vistaskipti frá Århus síðasta sumar.

„Það stóð alltaf til að klára þennan tveggja ára samning og ég held bara áfram með það að markmiði að bæta mig. Ég þarf að spila vel og standa mig hér í vetur. Það gengur ekkert að hlífa sér í einhverju dútli þó að maður sé kominn með samning annars staðar,“ segir Ómar léttur.

> **Ómar Ingi verður sjötti Íslendingurinn sem leikur með Magdeburg.**

„Það er pressa á okkur eftir síðasta tímabil sem gekk afar vel og það verður spennandi að takast á við það,“ segir Ómar Ingi að lokum.

**kristinnpall@frettabladid.is**

# Hildigunnur búin að semja við Leverkusen

**HANDBOLTI** Hildigunnur Einarsdóttir samdi á dögunum við Bayer 04 Leverkusen í Þýskalandi og verður því ekkert úr því að hún komi heim í Olís-deild kvenna fyrir næsta tímabil. Þetta staðfesti Hildigunnur í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún hefur leikið erlendis undanfarin sjö ár, nú síðast með Dortmund í Þýskalandi.

Leverkusen er sigursælasta liðið í þýskum kvennahandbolta með átta meistaratitla en uppskeran síðustu ár hefur verið rýr. Félagið var um árabil í fremstu röð en uppskeran eftir aldamót eru tveir bikarmeistaratitlar. Á nýafstaðinni leiktíð lenti Leverkusen í fimmta sæti, tveimur sætum fyrir ofan Dortmund.

Hildigunnur fór fyrst út í atvinnumennsku þegar hún samdi við Tertnes í Noregi fyrir sjö árum. Hildigunnur hefur einnig leikið með Heid í Svíþjóð, Hypo í Austurríki þar sem hún vann tvöfalt og í Þýskalandi hefur hún leikið með Leipzig og Dortmund. Hún hefur gælt við það að koma heim undanfarin tvö ár en líkt og síðasta sumar bauðst henni spennandi tækifæri með Leverkusen þar sem hún skrifaði undir tveggja ára samning.

> **Það voru nokkur lið á Íslandi sem höfðu samband og höfu viðræður en ég setti það allt saman til hliðar þegar Leverkusen hafði samband.**
>
> Hildigunnur Einarsdóttir



Hildigunnur í baráttunni inni á línunni í leik með Dortmund.

„Það var gengið frá þessu áður en ég kom heim í frí til Íslands og þetta er bara virkilega spennandi. Þetta er stutt frá Dortmund þannig að flutningarnir gengu snöggt fyrir sig,“ segir Hildigunnur sem var búin að heyra í nokkrum íslenskum liðum.

„Það voru nokkur lið á Íslandi sem höfðu samband og höfu viðræður en ég setti það allt saman til hliðar þegar Leverkusen hafði samband,“ segir Hildigunnur í samtali við Fréttablaðið. **– kpt**



Bogfimihópurinn í Minsk. MYND/ÍSÍ

## Sjö fulltrúar Íslands í Minsk

**ÍÞRÓTTIR** Alls taka sjö fulltrúar þátt fyrir hönd Íslands á Evrópuleikunum í Minsk sem hefjast á morgun. Leikarnir hefjast annað kvöld og mun Eowyn Marie Alburo Mamalias keppa fyrir hönd Íslands í bogfimi strax á fyrsta kvöldinu.

Alls er keppt í fimmtán íþróttagreinum og sendir Ísland fulltrúa til leiks í fimm greinum. Leikarnir eru haldnir á vegum Evrópusambands Ólympíunefnda og geta einstaklingar tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Ríó í átta greinum í Minsk.

Auk Eowyn munu Agnes Suto-Tuuha keppa í áhaldafimleikum, Ásgeir Sigurgeirsson í skotfimi, Hákon Þór Svavarsson í leirdúfuskotfimi, Kári Gunnarsson í badminton, Sveinbjörn Jun Iura í júdó og Valgarð Reinhardsson í áhaldafimleikum. **– kpt**

## Mata áfram á Old Trafford

**FÓTBOLTI** Spænski miðjumaðurinn Juan Mata skrifaði í gær undir nýjan samning á Old Trafford til ársins 2021, tólf dögum áður en samningur hans átti að renna út. Samningurinn er til tveggja ára með möguleika á eins árs framlengingu.

Spænski kantmaðurinn gekk til liðs við Manchester United frá Chelsea árið 2014 og kostaði félagið á sínum tíma 37 milljónir punda.

Alls hefur Mata leikið 218 leiki fyrir Manchester United á fimm árum og skorað í þeim 45 mörk, þar á meðal mark í úrslitum enska bikarsins árið 2016 gegn Crystal Palace. **– kpt**

## Enrique stígur óvænt frá borði

**FÓTBOLTI** Luis Enrique er skyndilega hættur með spænska karlalandsliðið í knattspyrnu, ellefu mánuðum eftir að hann tók við liðinu.

Kom fram í tilkynningu frá spænska knattspyrnusambandinu í gær að Enrique hefði óskað eftir því að láta af störfum af persónulegum ástæðum.



Enrique sem stýrði áður liði Barcelona í þrjú ár frá 2014 til 2017 tók við spænska landsliðinu eftir HM í Rússlandi síðasta sumar þar sem liðið olli miklum vonbrigðum. Undir stjórn Enrique vann Spánn átta leiki af tíu. **– kpt**



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

**Lambagrillsneiðar**
Í Béarnaise
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG
-50%







**Grillleggir**
Porkwings
-50%
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG



-15%
**Nautalund**
Heil
**3.994** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.699 KR/KG



-40%
**Folaldagrillsteik**
Í sítrónumarineringu
**1.559** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.598 KR/KG



-30%
**Lambagrillleggir**
Marineraðir
**1.049** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.498 KR/KG

## GRÍSAKJÖT Á GRILLIÐ!



**Grill Mix**
**1.259** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG
-30%



-50%
**Speltbrauð**
Bakað á staðnum
**265** KR/STK
**ÁÐUR:** 529 KR/STK



NÝTT Í NETTÓ!
**Abbot Kinney´s ís**
500 ml
**799** KR/STK
**ÁÐUR:** 899 KR/STK

## BERJADAGAR Í NETTÓ!
## VALIN BER Á 30% AFSLÆTTI



-30%

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 20. - 23. júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU**
**Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Árnason**

frá Bræðraminni, Bíldudal,

til heimilis að Silfurbraut 37, Höfn, Hornafirði, lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut, föstudaginn 7. júní. Útför hans verður gerð laugardaginn 22. júní klukkan 14 frá Eyvindarhólakirkju undir Eyjafjöllum.

**Guðrún Anna Jónasdóttir**
**Jónas Ragnar Hilmarsson** **Marilyn Valler Bonifacio**
**Guðrún Hilmarsdóttir**
**Reynir Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magnúsína Sigríður Sæmundsdóttir**

(Maggý)

Garðavegi 25, Hvammstanga,

lést á á sjúkrahúsinu á Akranesi 4. júní sl. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju þriðjudaginn 25. júní nk. kl. 14.00. Að ósk hinnar látnu eru blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitina Húnar á Hvammstanga. Minningarkort má nálgast á heimasíðu Landsbjargar, landsbjorg.is. Velja skal: Áheit rennur til: Björgunarsveitin Húnar.

**Sigurbjörg Friðriksdóttir** **Skúli Þórðarson**
**Rósa Fanney Friðriksdóttir** **Guðmann S. Jóhannesson**
**Erna Friðriksdóttir** **Bjarki Haraldsson**
**Haraldur Friðrik Arason**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Theódóra Björgvinsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Seljahlíð miðvikudaginn 12. júní. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

**Vilhjálmur Hafberg** **Svala Geirsdóttir**
**Jarþrúður Jónasdóttir**
**Lárus Skúli Jónasson**
**Auður Jónasdóttir** **Trausti Ólafsson**
**Sigríður Jónasdóttir** **Sigurður Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, ástkær sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Rúnar Heiðmar Guðmundsson**

Huldugili 36, Akureyri,

lést 8. júní. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 25. júní kl. 13.30.

**Rannveig Hansen Jónsdóttir**
**Berta J. Einarsdóttir**
**Dana Ruth Hansen** **Andri Rúnarsson**
**Karen Ruth Hansen** **Ragnar Már Heinesen**
**Júlía Hrund, Bjarki Snær og Valur Elí**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is


# Meðmælaganga með lífinu

**Sólargangur er lengstur á norðurhveli á morgun. Þór Jakobsson veðurfræðingur segir viðsnúningin gerast á sömu mínútu um alla jörð. Hann verður í sólstöðugöngu í Viðey.**

Sólstöðuganga er meðmælaganga með lífinu og menningunni,“ segir Þór Jakobsson veðurfræðingur. Hann tekur þátt í slíkri göngu sem Borgarsögusafn stendur fyrir í Viðey annað kvöld. Guðbrandur Benediktsson safnstjóri leiðir gönguna og segir frá sögu eyjarinnar og Þór segir frá sólstöðum og hefðum tengdum þeim. Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi, ávarpar göngufólk og Árný Helgadóttir kraftgöngukona leiðir léttar og hressandi æfingar.

Siglt verður frá Skarfabakka klukkan 20 og til baka ekki seinna en klukkan 23, gengið á sögulegar slóðir og staðnæmst í fjöruborðinu við varðeld. Gestir eru hvattir til að taka með sér nesti og drykk til að njóta við eldinn áður en gengið verður til baka að ferjunni.

**Hins vegar er göngunni ætlað að vera stund til að leiða hugann að ráðgátum tilverunnar og gleðjast yfir lífinu.**

Þór segir tilgang sólstöðugöngu í senn jarðbundinn og háfleygan. „Annars vegar er auðvitað heilsusamlegt og upplífgandi að taka þátt í rólegri hópgöngu fólks á öllum aldri, njóta samveru skyldmenna eða kynna við ókunnuga – og þar við bætist fróðleikur leiðsögumanna um náttúru og sögu og það sem fyrir augu ber á göngunni. Hins vegar er göngunni ætlað að vera stund til að leiða hugann að ráðgátum tilverunnar og gleðjast yfir lífinu þrátt fyrir strit og erfiðleika og gleðjast yfir því að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í hinu mikla leikriti í nokkur ár.“

Vísindamaðurinn Þór segir jörðina á öðrum „enda“ sporbaugsbrautar sinnar um sólu á morgun, lengsti dagur dagur ársins á norðurhveli en vetrarsólstöður á suðurhveli. „Viðsnúningurinn gerist á sömu mínútunni um alla jörðina og það er magnað. Í Almanaki Hins íslenska þjóðvinafélags segja höfundarnir, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson stjarnfræðingar, að það gerist að þessu sinni klukkan 15.54 að íslenskum tíma.“

Þór telur sólstöðumínútuna vera tímamót á för jarðar um sólu og mælir með því að fólk fagni þeim tímamótum með íhugun í þögn. „Við getum ekki gert það saman í Viðey þar sem gangan er að kvöldlagi en stöldrum við, engu að síður, klukkan 15.54, í einrúmi, fá eða mörg saman og hugsum til meðbræðra og systra um alla jörð.“

gun@frettabladid.is



**Þór segir sólstöðugönguna í ár þá 35. hér á landi. Hann heldur á flaggi sem hann segir tákn fyrir gönguna, hannað af Ágústu Snæland.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Ágústa Guðlaugsdóttir**

lést mánudaginn 17. júní.

**Aðalsteinn Aðalsteinsson**
**Guðlaugur Aðalsteinsson** **Hjördís Jónsdóttir**
**Andri S. Aðalsteinsson** **Eyrún Pálsdóttir**
**Eyjólfur S. Aðalsteinsson** **Vigdís G. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eyjólfur Einarsson**

skipasmíðameistari,
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Fríða Eyjólfsdóttir** **Guðmundur Þórðarson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Móðir okkar og tengdamóðir,

**Eva H. Ragnarsdóttir**

lengst af til heimilis á Kleifarvegi 12 í Reykjavík, er látin. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju þriðjudaginn 2. júlí nk. kl. 15.

**Greta Önundardóttir** **Páll Halldórsson**
**Ásgeir Önundarson** **Riszikiyah Hasansdóttir**
**Ragnar Önundarson** **Áslaug Þorgeirsdóttir**
**Páll Torfi Önundarson** **Kristín Hanna Hannesdóttir**



✝

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Ludwigs Heinrichs Gunnarssonar**

Birkihlíð 4b, Hafnarfirði.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Guðmundur Geir Ludwigsson**
**Þóra Kristín Ludwigsdóttir** **Davíð Þór Marteinsson**
**Eva Sóley og Lilja Karen**

# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



## GRÆNMETISBORÐ ÁN PLASTUMBÚÐA SUPER1 FAXAFENI



SUPER1 í Faxafeni hefur tekið í notkun fyrsta grænmetis borðið án plastumbúða. Allar vörur eru seldar í lausu eða í pappírs umbúðum. Einnig er boðið upp á pappírs poka. Tökum höndum saman og stuðlum að umhverfisvernd.

SUPER1

FAXAFENI 14


TJÖLDUM OG TRYLLUM!
20% afsláttur af öllum tjöldum í Útilíf dagana 20.-26. júní*
2 manna
TILBOÐ
14.392 kr.
High Peak Siskin kúlutjald
3000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
3 manna
TILBOÐ
19.192 kr.
4 manna
TILBOÐ
21.592 kr.
High Peak Kira kúlutjald
3000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
2 manna
TILBOÐ
21.592 kr.
3 manna
TILBOÐ
25.592 kr.
High Peak Kite braggatjald
3000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
2 manna
TILBOÐ
35.992 kr.
TNF Stormbreak göngutjald
1200 mm vatnsheldni
Álsúlur
3 manna
TILBOÐ
47.992 kr.
TNF Talus 3 göngutjald
1200 mm vatnsheldni
Álsúlur
3 manna
TILBOÐ
39.992 kr.
TNF Heyerdahl göngutjald
3000 mm vatnsheldni
Álsúlur
4 manna
TILBOÐ
27.992 kr.
6 manna
TILBOÐ
31.992 kr.
High Peak Como fjölskyldutjald
3000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
5 manna
TILBOÐ
43.992 kr.
High Peak Ancona fjölskyldutjald
3000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
5 manna
TILBOÐ
79.992 kr.
High Peak Durban fjölskyldutjald
4000mm vatnsheldni
Fíbersúlur
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



Finnbogi við hið gríðarlega áhrifamikla verk sitt Rið sem býður upp á að áhorfandinn staldri við og njóti upplifunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hljóð verða sýnileg

**Finnbogi Pétursson sýnir í Listasafni Íslands, Hallgrímskirkju og Ásmundarsal. Hljóðbylgjur leiddar í risastóra laug og rými fært á milli staða.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Rið er heiti á sýningu Finnboga Péturssonar í Listasafni Reykjavíkur. Þar eru hljóðbylgjur leiddar í risastóra laug og gárur vatnsins endurkastast á veggi salarins. „Þetta er verk í sama anda sem ég hef verið að vinna í nokkuð mörg ár. Ég byrjaði að vinna svona verk 1989 og sýndi fyrsta verkið 1991 í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Í þessum verkum hef ég verið að reyna að gera hljóð sýnileg fyrir áhorfandann,“ segir Finnbogi.

### Dáleiðandi ró

Í lauginni eru rúm átta tonn af vatni og Finnbogi setti einnig í hana einn lítra af teiknibleki sem hann segir skapa hreinni speglun. „Í þessu verki nota ég 3,5 Hz sínustóna. Þeir teikna þrjá hringi á vatnsyfirborðið þar sem þeir blandast saman og til verður mynstur sem sést á veggjunum og er síbreytilegt og aldrei eins. Allt er þetta lýst með tólf ljóskösturum.“

Blaðamaður hefur orð á því að ekki sé annað hægt en að fyllast nánast dáleiðandi ró við að virða fyrir sér verkið. „Það sem ég er að leita eftir í þessum verkum og öðrum er einmitt þessi innri ró. Ég er líka að leita eftir því að fólk setjist niður, gefi sér tíma með verkinu og hugleiði með sjálfu sér,“ segir listamaðurinn.

> **ÞAÐ SEM ÉG ER AÐ LEITA EFTIR Í ÞESSUM VERKUM OG ÖÐRUM ER EINMITT ÞESSI INNRI RÓ.**

### Musteri og hús

Finnbogi á einnig verkið Yfir og út í Hallgrímskirkju og Ásmundarsal. Hann setti hljóðnema í Hallgrímskirkju og þaðan eru send hljóð yfir í Ásmundarsal. „Ég ætlaði að vinna með anddyri Hallgrímskirkju en sýningin vatt upp á sig því Ásmundarsalur varð hluti af henni,“ segir Finnbogi. „Ég ákvað að gera verk af því tagi sem ég hef oft sýnt í gegnum árin og byggist á því að færa rými á milli staða. Stefán sonur minn smíðaði fyrir mig stóran stálhring sem er í sex metra hæð inni í kirkjunni. Þar eru átta hljóðnemar sem ég beini að höfuðáttunum. Svo fer þetta í gegnum búnað sem flytur þessar átta rásir beint yfir í Ásmundarsal og þar er ég með átta hátalara sem er raðað upp í sambærilegan hring, þannig að til verður lifandi færsla á rými. Kirkja er staður þar sem fólk vandar sig og reynir að hafa eins mikla þögn og mögulegt er og öll lítil hljóð sem myndast þar inni berast út í rýmið og magnast.

Í Ásmundarsal og kirkjunni er ég með í anddyrinu álplötur fyrir húsaklæðningar. Í Ásmundarsal er grá plata en í Hallgrímskirkju eru plöturnar rauð, hvít, græn og fjólublá. Þessir litir eru symbólískir. Grunnhugmyndin að verkinu í kirkjunni snýst um einstaklinginn, manninn og trúna á sjálfan sig og náungann. Þarna er ég líka að vinna með hugmyndina um musteri og hús. Á Íslandi er svo mikilvægt að eignast sitt eigið hús. Fólk vill búa sér sína eigin skel sem er í rauninni framlenging á þeirra eigin skel. Svo koma þarna líka við sögu hringurinn, ferningurinn, andinn og jörðin. Allt tengist þetta saman því geómetrían er gegnumgangandi í trúnni. Ég vil samt ekki gefa of mikið upp um mínar eigin pælingar. Ég vil halda einhverju eftir fyrir áhorfandann því ég ræð mjög litlu um upplifun hans.“



**Simon Armitage, nýtt lárviðarskáld Englands, er á leið til landsins.**
MYND/PAUL WOLFGANG WEBSTER

# Lárviðarskáldið Armitage og þekkt samtímaljóðskáld Breta til Íslands

Bresku skáldin Lavinia Greenlaw og Simon Armitage, lárviðarskáld Bretlands, og írska skáldið Paul Muldoon eru væntanleg til Íslands til að taka þátt í tveimur viðburðum í Bókmenntaborginni Reykjavík.

Armitage er þekktast þessara skálda og hefur hlotið fjölmörg verðlaun sem veitt eru fyrir skáldskap í hinum enskumælandi heimi.

21. júní klukkan 16 verður málþing í Veröld þar sem fjallað verður um tengsl Bretlandseyja og Íslands og um leið ferðir Bretlandseyjaskálda norður á bóginn fyrr og síðar.

Málþingið verður þríþætt, Sveinn Yngvi Egilsson ræðir við hið nýja lárviðarskáld Englands, Simon Armitage, um ljóð þess síðarnefnda en einnig um Íslandstengsl Audens og MacNeice og skáldskap sem af þeim tengslum spratt; Kristín Svava Tómasdóttir ræðir við Lavinu Greenlaw um ljóðlist hennar og um tengsl Williams Morris við Ísland, og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson ræðir við Paul Muldoon um norðursýn hans og landa hans, Nóbelsskáldsins Seamus Heaney.

Laugardaginn 22. júní klukkan 15 verður dagskrá í Norræna húsinu þar sem skáldin þrjú og þýðendur þeirra flytja ljóð og svara spurningum. Sigurbjörg Þrastardóttir er þýðandi Simons Armitage; Magnús Sigurðsson þýddi ljóð Laviniu Greenlaw og Sjón íslenskaði nokkur ný og áður óbirt ljóð eftir Paul Muldoon.

Þá verður fagnað útgáfu ljóðakveranna Letters to Iceland og eru þetta þrjú tvímála ljóðakver með úrvali ljóða eftir skáldin ásamt íslenskum þýðingum. Ritstjórar eru Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Ástráður Eysteinsson og bókaútgáfan Dimma gefur ljóðabækurnar út. **– kb**



**Hin breska Lavinia Greenlaw.**

# HLAÐVARPIÐ

**á frettabladid.is**

*– hlustaðu þegar þér hentar*



## SÖGUR AF PLÖTUM

### – með Bubba Morthens

Sjálfur Bubbi Morthens mætir með nýtt hlaðvarp á frettabladid.is þar sem hann tekur fyrir tíu plötur frá sínum magnaða ferli.

Ekki missa af fyrsta þætti á morgun, föstudaginn 21. júní.

Í samstarfi við

HAGKAUP Meira svona alla daga




Hlaðvarpið á frettabladid.is er nýjung þar sem boðið verður upp á skemmtileg og fræðandi hlaðvörp um hin ýmsu málefni.

Hlustaðu á fleiri fræðandi hlaðvörp á frettabladid.is/hladvarp

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. JÚNÍ 2019

### Kvöldganga

**Hvað?** Kvöldganga á slóðum Kiljans í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið/Menningarhús Grófinni
Söguganga sem Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur leiðir undir yfirskriftinni Barn náttúrunnar og borgarbarnið. Tilefnið er að öld er liðin síðan Halldór Laxness gaf út sína fyrstu skáldsögu, aðeins 17 ára gamall.

### Myndlist

**Hvað?** Jónsmessugleði Grósku
**Hvenær?** 19.30-22.00
**Hvar?** Strandstígurinn í Sjálandshverfi, Garðabæ
Á Jónsmessugleði Grósku verða fjölbreytt listaverk til sýnis. Þemað er þræðir og sýningin teygir sig inn í Jónshús til málverkasýningar eldri borgara og til ungra listamanna í Skapandi sumarstarfi. Söngur, tónlist, leiklist og gjörningum og Gróska býður upp á veitingar.



**Víkingur Heiðar kemur fram á upphafstónleikum Reykjavík Midsommar Music.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Tónlist

**Hvað?** Lög Oddgeirs Kristjánssonar
**Hvenær?** 12-12.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Flytjendur eru Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran og Sigurður Helgi Oddsson píanó.Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni.Aðgangseyrir er 1.500 krónur, (ath. að ekki er tekið við greiðslukortum).

**Hvað?** Mannfuglar – fuglasöngur frá Flatey
**Hvenær?** 14
**Hvar?** Harpa
Dúóið Mannfuglar tók upp fuglahljóð í Flatey og hefur úr því samið nýja tónlist. Lundi, teista, kría, æðarfugl og fleiri slagarar. Frítt inn!

**Hvað?** Sumarjazz í forsalnum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogshálsi
Sigga Eyrún, Þórdís Gerður og Karl Olgeirsson flytja gömul og ný lög úr leikhúsi, kvikmyndum og af vinsældalistum í djassútsetningum fyrir selló, píanó og söng. Lög eftir Cole Porter, Kurt Weill, Marc Shaiman, Tom Waits og fleiri. Einnig frumflutt ný vögguvísa eftir Karl Olgeirsson. Sumarjazzinn er í tilefni tuttugu ára afmælis Salarins. Húsið er opnað klukkan 16. Aðgangur ókeypis og opið á barnum.

**Hvað?** Freyjujazz
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg
Kvartettinn Dea Sonans spilar allt frá latintónlist til rólegs kammerdjass. Tónlistin er bæði sungin og instrúmental. Í kvartettinum eru: Alexandra Kjeld, kontrabassi og söngur, Rósa Guðrún Sveinsdóttir, saxófónn, þverflauta og söngur, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, básúna, fiðla, slagverk og söngur, og Sunna Gunnlaugsdóttir, píanó. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Teitur Magnússon
**Hvenær?** 18.00-20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Teitur hefur sig á Loft og tekur með sér Æðisgengið, þar er valinn maður í hverju í rúmi.

**Hvað?** Undir berum himni
**Hvenær?** 18.00-22.00
**Hvar?** Petersen svítan, Gamla bíói, Ingólfsstræti 2a
Símon FKNHNDSM sér um að halda uppi sumarstemningu í anda strandbara og sundlaugarpartía eins og þau gerast best í heitu löndunum.

**Hvað?** Minning um Flórens
**Hvenær?** 20.00-22.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Upphafstónleikar hátíðarinnar Reykjavík Midsummer Music hefjast á ljóðaflokki eftir Brahms. Næst er Píanótríó nr. 2 eftir Shostakovich og lokaverk tónleikanna er Minning um Flórens, eftir Tsjækofskí. Flytjendur eru Florian Boesch barítón, Ilya Gringolts fiðla, Yura Lee fiðla, Leonard Elschenbroich selló, Jakob Koranyi selló og Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó.



# KRÓNAN

# Ódýrt og gott á grillið!

Ódýrt




Bara pylsur, 10 stk.

**399** kr. pk.




FP steiktur laukur, 200 g

**106** kr. pk.




Norðlenska hamborgarar, 2x120g

**498** kr. pk.

Ódýrt




Grísakótilettur, kryddaðar

**1299** kr. kg





Grænn aspas, 450 g

**949** kr. pk.

Ódýrt



Hamborgarar 4 stk með brauði

**998** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.






# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2015-2016 Hafnarfjörður - Árborg**
**14.35 Saga Danmerkur - Siðaskiptin og endurreisn** Í þessum þætti fjallar Lars Mikkelsen um Kristján fjórða, sem var konungur Danmerkur á endurreisnartímanum. Ný tegund af kristni tröllreið öllu og konungurinn, sem nýr yfirmaður kirkjunnar, átti að sjá til þess að þjóðin væri guðrækin. Kristján fjórði stýrði því verkefni með harðri hendi og áttu almennir borgarar á hættu að vera dæmdir fyrir galdra og brenndir á báli.
**15.35 Sætt og gott**
**15.50 Holland - Kanada HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Krakka RÚV**
**18.01 Heimssýn barna**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Sælkeraferðir Ricks Stein - Bologna** Ferða- og matreiðsluþættir frá BBC þar sem sjónvarpskokkurinn Rick Stein kynnist matarmenningu nokkurra evrópskra borga. Hann heimsækir eina borg í hverjum þætti og fer meðal annars til Reykjavíkur.
**21.05 Klofningur** Leikin þáttaröð frá BBC um skilnaðarlögfræðing sem ákveður að yfirgefa fjölskyldufyrirtækið sem móðir hennar rekur og ganga til liðs við aðra lögfræðistofu. Í kjölfarið kemur hún öllum samböndum sínum í uppnám.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM stofan** Samantekt á leikjum dagsins á HM kvenna í fótbolta.
**22.45 Á valdi óvinarins** Bresk leikin þáttaröð í sjö hlutum sem gerist við lok seinni heimsstyrjaldar. Þýska verkfræðingnum Dieter Koehler er rænt ásamt ungri dóttur sinni og þau flutt til Bretlands. Koehler hefur sérhæft sig í þotuhönnun og herforingjanum Callum Fergusson er falið það verkefni að fá hann til að aðstoða bresk yfirvöld hvað sem það kostar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.45 Spilaborg**
**00.30Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Meijer Classic** Útsending frá lokadegi Meijer Classic á LPGA-mótaröðinni.
**11.05 US Open** Útsending frá lokadegi US Open 2019.
**18.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.00 Travelers Championship** Bein útsending frá Travelers Championship á PGA-mótaröðinni.
**22.00 KPMG Women's PGA-Championship** Bein útsending frá KPMG Women's PGA-Championship á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The Good Place**
**13.30 Superstore**
**13.50 Younger**
**14.15 Kling Kling**
**14.40 Our Cartoon President**
**15.10 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Fam**
**20.10 Lambið og miðin**
**20.45 Proven Innocent**
**21.35 Get Shorty**
**Lengd 01.00**
**22.35 FEUD**
**23.30 The Tonight Show**
**00.15 The Late Late Show**
**01.00 NCIS**
**01.45 NCIS. Los Angeles**
**02.30 Law and Order. Special Victims Unit**
**03.15 Yellowstone**
**04.00 Pose**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk um Landsbókasafn Háskólabókasafn**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.55 Tónlistarhátíðin Reykjavík**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.00 Lego. The Adventures of Clutch Powers**
**14.25 The Fits**
**15.40 Wolves**
**17.30 Lego. The Adventures of Clutch Powers**
**18.55 The Fits**
**20.10 Wolves**
**22.00 The Dark Knight Rises**
**00.45 Terminal**
**02.20 55 Steps**
**04.15 The Dark Knight Rises**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Two and a Half Men**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Anger Management**
**10.00 You, Me & Fertility**
**10.50 Hand i hand**
**11.35 Ísskápastríð**
**12.10 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Circle**
**14.50 Ghostbusters**
**16.35 Seinfeld**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Sportpakkinn**
**19.10 Veður**
**19.15 Borgarstjórinn**
**19.45 Fresh Off The Boat**
**20.05 Masterchef USA**
**20.50 L.A.'S Finest**
**21.35 Animal Kingdom**
**23.15 Real Time With Bill Maher**
**00.15 Big Little Lies**
**01.10 Absentia**
**02.00 Crashing**
**02.30 Bancroft** Hörkuspennandi breskir þættir um yfirrannsóknarlögreglukonuna Elizabeth Bancroft sem á framtíðina fyrir sér hjá lögreglunni og vekur athygli fyrir óhefðbundar leiðir til að ná árangri í starfi. Bancroft leiðir erfiða rannsókn á miskunnarlausu glæpagengi sem vílar ekki fyrir sér að beita bolabrögðum til að fá sínu framgengt.
**03.15 Bancroft**
**04.05 Bancroft**
**04.50 Bancroft**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Bob's Burger**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.15 iZombie**
**22.00 Grimm**
**22.45 Vice Principals**
**23.15 Famous In Love**
**00.00 American Dad**
**00.25 Modern Family**
**00.50 Seinfeld**
**01.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30 KR - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**10.10 Pepsi Max mörk karla** Leikirnir í Pepsi Max deild karla gerð upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**10.55 Japan - Síle** Útsending frá leik í Copa America.
**12.35 Kólumbía - Katar** Útsending frá leik í Copa America.
**14.15 Argentína - Paragvæ** Útsending frá leik í Copa America.
**15.55 NBA. David Stern. 30 Years**
**16.35 KR - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**18.15 Pepsi Max mörk karla**
**19.00 Úrslitaleikur. Tottenham - Liverpool**
**20.45 NBA - Rodman Revealed**
**21.10 Argentína - Paragvæ**
**22.50 Úrúgvæ - Japan** Bein útsending frá leik í Copa America.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Nýtt í Bónus!




**56-60**
bitar í poka

**FORELDAÐ**
Aðeins að hita

**1.498** kr./2,5 kg

**Chick'n Hot Wings**
Kjúklingavængir, frosnir, 2,5 kg

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Semur **húStónlist** í stað þess að prjóna

**Sbeen Around** er þriggja barna móðir sem spilar teknó- og hústónlist á Secret Solstice ásamt því að halda úti 35 þúsund kvenna brandarahópi á Facebook.

Sara Magnúsdóttir, sem gengur undir listamannsnafninu Sbeen Around, kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem fer fram í Laugardalnum um helgina. Sara hefur verið virkur plötusnúður í Reykjavík en samhliða því semur hún hústónlist (e. house music) sem hægt er að nálgast á vefnum.

„Þetta byrjaði allt 2014 þegar ég mætti sem plötusnúðs vinur minn í búningaafmæli heim til hans.“ Sara þóttist vera plötusnúður í afmælinu sem leiddi til þess að hún spilaði í fyrsta skipti. Eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég bara varð að gera þetta aftur, þetta var alveg geðveik tilbreyting sem ég hafði aldrei upplifað áður.“

Árið 2016 fór Sara að sinna köllun sinni af aukinni alvöru en þá fékk hún loksins aðgang að græjum. Fljótlega eftir að Sara hafði spilað nokkrum sinnum og var búin að setja sín eigin mix á netið kom babb í bátinn. „Ég komst að því að Sara væri bara alls ekki nógu gott listamannsnafn, hvorki DJ Sara né bara Sara.“ Nafnið Sbeen Around leit síðan dagsins ljós stuttu seinna. „Það kom upp úr miklu krassi og krafsi og er leikur með orðatiltækin „she's been around“ og „spinning around“.“

### Ekki beint venjuleg mamma

Söru er margt til lista lagt en hún er þriggja barna móðir og á táninginn Magnús og tvíburana Halldóru Ósk og Sigríði Lilju, einnig þekktar sem copy/paste. „Ég er náttúrulega ekki beint venjuleg mamma,“ segir Sara en hún telur að börnunum sínum finnist spennandi að mamma þeirra sé í tónlistarbransanum. Hún segir foreldra sína einnig sýna sér mikinn stuðning. „Mamma hlustar á mixin mín í vinnunni á daginn.“

Aðspurð segir hún að það komi sér á óvart hversu margir hlusta á það sem hún sé að bardúsa heima hjá sér. „Þetta er áhugamálið mitt, aðrir prjóna en ég geri þetta.“

Sara segir að það hafi aldrei verið á dagskránni að verða tónlistarkona en að hún muni ekki hætta því á meðan það sé skemmtilegt. „Svo lengi sem eitthvað er að gerast og fólk er að njóta, þá held ég áfram.“

Sara segir erfitt að skilgreina nákvæmlega hvernig tónlist hún semur. „Tónlistin sem ég spila er líklega í ætt við hústónlist, en ég spila bara tónlist sem gerir mig glaða.“ Þrátt fyrir það myndi hún ekki kalla tónlist sína almenna og efast um að mikið af lögum hennar myndi rata í útvarpið.

Hún segir lögin þrátt fyrir það vera mjög fjölbreytt og segir nánast alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Ef mamma getur hlustað á þetta, þá geta flestir gert það,“ segir Sara kímin.



„Ég er ekki beint venjuleg mamma,“ segir Sara Magnúsdóttir, öðru nafni Sbeen Around. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Stofnaði Fyndnu frænku

Það er ekki bara í tónlistarbransanum sem Sara lætur til sín taka en hún er einnig stofnandi Facebookhópsins Fyndna frænka, sem er brandarahópur. „Það ævintýri er alveg ótrúlegt, það byrjaði á því að mér fannst ríkja svo ótrúlega mikil neikvæðni á netinu og ég var búin að segja nokkrum sinnum í djóki að ef ástandið færi ekki að skána þá myndi ég stofna minn eigin hóp, Fyndnu frænku.“ Söru finnst mikilvægt að hafa grín í lífi sínu og endaði á því að láta grínið verða að veruleika.

### Er ekki inni á 18+ síðum

„Þetta átti að vera svona vettvangur þar sem er ekki verið að skiptast á skoðunum heldur bara deila bröndurum.“ Hún lýsir sínum eigin húmor sem einföldum og aulalegum. „Ég er ekki inn á neinum 18+ síðum í einhverjum dónabröndurum, ég vil bara hafa þetta einfalt.“

**EF MAMMA GETUR HLUSTAÐ Á ÞETTA, ÞÁ GETA FLESTIR GERT ÞAÐ.**

Í hópnum eru daglega settir inn tugir færslna sem ætlaðar eru til að kitla hláturtaugarnar en hópurinn er einn sá stærsti á Íslandi. „Ég bauð upphaflega 200 vinkonum mínum í hópinn en meðlimir hópsins í dag eru orðnir yfir 35 þúsund og alltaf að bætast í.“ Sara bætir við að það sé enn nóg af konum sem ekki eru komnar í þennan bráðskemmtilega hóp. „Það eru alltaf fleiri konur velkomnar í brandarahópinn, það er nóg pláss,“ bætir hún við.

### 35 þúsund konur hlæja saman

Lýsing hópsins á Facebook er „Lauflétt grín til að létta lund í hversdagslegu amstri“ og segir Sara þetta vera aðra af tveimur reglum í hópnum en hin er að hann er aðeins ætlaður konum. „Mér fannst viðeigandi að hafa bara konur vegna þess að grín breytist oft þar sem bæði kynin eru og verður oft misskilið.“ Hún neitar þeim fáu körlum sem sækjast eftir því um aðgang að hópnum.

„Þetta er bara lærð brandarahegðun,“ segir Sara um efni hópsins en hún játar að það komi fyrir að hún eyði færslum sem henni finnist ekki eiga heima innan síðunnar. „Ég leyfi mér að taka pósta út þar sem myndast skrítnar og persónulegar umræður.“

Þrátt fyrir það eyðir hún aldrei fólki úr hópnum og segir að þessar reglur séu svo að allir geti verið með. „Það eru börn þarna inni, þannig að það eru mjög fáir ljósbláir brandarar sem fá að dvelja þarna.“ Sara segir langflesta vera sammála stefnu hópsins og að þar af leiðandi eyði hún litlum tíma í að fara yfir færslur. „Fyrir mér er þetta eins og með tónlistina, ég held síðunni uppi á meðan það er skemmtilegt.“

### Sólarstemning í Laugardalnum

Sara lofar svakalegri sólarskemmtun á Secret Solstice um helgina en hún mun koma fram tvisvar, á laugardaginn á Hard Rock Café sem heldur eftirpartí þegar dagskrá hátíðarinnar lýkur og á sunnudaginn á Ask-sviðinu í Laugardalnum. „Ég held að það séu allir mjög spenntir fyrir hátíðinni í ár því að spáin er svo frábær, það segir allt, veðrið verður að vera í lagi.“

Sjálf ætlar Sara að vera í sólskinsskapi og vill sjá sem flesta spóka sig á hátíðinni um helgina.

kristlin@frettabladid.is

# Gott veður hefur aukið sölu á miðum á Secret Solstice

Jón Bjarni Steinsson ,upplýsingafulltrúi Secret Solstice-hátíðarinnar, segir að góða veðrið undanfarnar vikur hafi að öllum líkindum aukið sölu á miðum til Íslendinga. Aldrei hefur verið spáð jafn góðu veðri yfir hátíðarhelgina og í ár. Jón segir stjórnendur hafa sérstaklega tekið eftir því að salan hafi tekið kipp nú síðustu daga og telur góðar líkur á að það tengist sólskininu og góðu veðurspánni.

Hann segir að miðasalan í Laugardalnum hafi verið mjög góð í gær og að hún hafi aldrei verið jafn mikil svona rétt fyrir hátíðina. Aðstandendur hátíðarinnar vilja ítreka að fólk mæti tímanlega ef það vill miða á staðnum, svo það lendi ekki í örtröð og missi af því sem það langar að sjá. – ssþ

**ALDREI HEFUR VERIÐ SPÁÐ JAFN GÓÐU VEÐRI YFIR HÁTÍÐARHELGINA OG Í ÁR.**




Spáð er sólskini á föstudaginn og laugardaginn.




#Scent of Gioia

**20% kynningarafsláttur 20. - 26. júní**

**af öllum GA ilmum í snyrtivöruverslunum Hagkaups. Glæsilegt GA baðhandklæði fylgir kaupum á GA ilmum fyrir 8.500 kr eða meira***

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

**GIORGIO ARMANI FÆST EKKI Í HAGKAUP REYKJANESBÆ*

# Nökkvi stofnar Swipe


Swipe sér um net-ímynd einnar stærstu viðskiptaráðstefnu í heimi.

Nökkvi Fjalar Orrason steig nýlega til hliðar frá daglegum rekstri Áttunnar en hann var einn af stofnendum hennar. Síðustu misseri hefur hann tileinkað öðru fyrirtæki meiri tíma, Creative Iceland- Social Media, sem hann rekur ásamt Gunnari Birgissyni og Árna Birni Helgasyni. Fyrirtækið er nokkurs konar umboðsfyrirtæki fyrir samfélagsmiðlastjörnur á borð við Camillu Rut og Guðrúnu Veigu. Nú rær hann á enn önnur mið og hefur stofnað fyrirtækið Swipe en tilgangur þess er að aðstoða fyrirtæki að ná betri árangri á samfélagsmiðlum. Tilvist Swipe var opinberuð í gær á netmiðlum og hefur það nú þegar landað stórum viðskiptavinum. Í augnablikinu er fyrirtækið að vinna fyrir eina stærstu viðskiptaráðstefnu í heim, Nordic Business Forum. – ssþ

# Með allt á hreinu sing along í Bíói Paradís



Annað kvöld verður Með allt á hreinu partísýning í Bíó Paradís og eru allir gestir hvattir til að syngja með lögunum. Sýningin er partur af Íslenska bíósumrinu svokallaða, sem stendur nú yfir í Bíói Paradís. Texti er á skjánum með lögunum fyrir þá sem kunna þá ekki utan að. Talsmaður bíósins segir að sérlegir leynigestir muni mæta á sýninguna. Á næstunni verður boðið upp á fleiri sing along-sýningar og ber þar helst að nefna Bohemian Rhapsody, en það seldist upp síðast þegar hún var sýnd. Síðar í sumar verður Hárið sýnt og gestum velkomið að syngja með. Sala á sýninguna á morgun hefur gengið vel og því er hver að verða síðastur að næla sér í miða. – ssþ

# Bandarísk poppstjarna í flík eftir Hildi Yeoman


Bebe Rexha í bolnum bleika.

Sundbolur úr nýrri línu Hildar Yeoman.

Bandaríska poppsöngkonan Bebe Rexha birti mynd af sér á Instagram í bol úr smiðju íslenska hönnuðarins Hildar Yeoman. Hildur segir stílista stjörnunnar vera kunningja sinn og að hann hafi óskað eftir að fá flíkur frá Hildi til að klæða Bebe í. Vaninn er að fatahönnuðir sendi stjörnum nokkrar flíkur sem þær svo máti og velji það sem þeim líkar vel. Það er greinilegt að söngkonan er ánægð en Hildur segir stíl Bebe hafa breyst mikið undanfarið þökk sé nýja stílistanum. Frést hefur að nokkrar aðrar þekktar konur hafi óskað eftir flíkum frá Hildi, en enn sem komið er er ekki hægt að staðfesta hverjar þær eru. Af fatalínu Hildar er annars það að frétta að nýverið bættust sundbolir við línuna. Þeir fást í búðinni Yeoman á Skólavörðustíg. – ssþ





Myndbandið er aðgengilegt á YouTube.

# Svala frumsýndi myndband á Kexi

Svala Björgvins og Doctor Victor frumsýndu myndband við lagið Running Back í gær.


Svala mun flytja lagið á Secret Solstice annað kvöld.

Söngkonan sívinsæla Svala Björgvinsdóttir frumsýndi í gær myndband við lagið Running Back. Lagið gerði hún með tónlistarmanninum Viktori Guðmundssyni. Hann gengur undir listamannsnafninu Doctor Victor, en nafnið er tilkomið vegna þess að hann stundar læknisstörf í Slóvakíu með fram því að gera tónlist. Hann hefur gefið út nokkur lög sem hafa náð vinsældum hérlendis en hann spilar annars mikið í Austur-Evrópu. Lagið kemur út eftir viku á Spotify, en myndbandið er hægt nálgast á YouTube frá og með deginum í dag. Það var ljósmyndarinn og listakonan Anna Maggý sem leikstýrði myndbandinu en hún gerði það ásamt ljósmyndaranum Dóru Dúnu. Svala segist hafa fullkomlega treyst listrænni sýn Önnu Maggýjar og þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær hafði hún ekki enn séð myndbandið sjálf. Svala kemur fram rétt eftir klukkan 18.00 á stóra sviðinu á Secret Solstice annað kvöld. **steingerdur@frettabladid.is**

**SVALA SPILAR KLUKKAN 18.15 Á STÓRA SVIÐINU Á SECRET SOLSTICE ANNAÐ KVÖLD.**

# Sturla Atlas og Auður með sumarsmell

Von er á nýjum sumarsmelli frá tónlistarmönnunum Sturlu Atlas og Auði á morgun. Þeir hófu gerð lagsins, sem heitir Just a while, fyrir heilum tveimur árum. Sturla Atlas, réttu nafni Sigurbjartur Sturla, segir það hafa verið nánast skrifað í stjórnurnar að allt myndi smella saman akkúrat núna. Þótt fæðing lagsins hafi verið löng og ströng þá sé um mikinn sumarsmell að ræða. Þeir koma báðir fram á Secret Solstice um helgina þar sem lagið verður frumflutt opinberlega. Sigurbjartur segir stórskotalið vera að baki laginu. Þeirra á meðal eru Arnar Ingi, Logi Pedro, Magnús Jóhann og svo er ein stærsta poppstjarnan í dag, hún GDRN, í bakröddum. Sigurbjartur segir að fólk hafi haft orð á því að lagið sé tímalaust og hlustendum líði eins og þeir hafi oft heyrt það áður. – ssþ





Sturla Atlas og Auður hafa unnið að gerð lagsins í tvö ár.

# SUMARPEPP
# OG SVEPP

35%
AFSLÁTTUR



SUMARTILBOÐ
**STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA**
# 1990

**Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is**
**Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði**















Adam Karl Helgason er einn þriggja eigenda Tacoson. Þeir eru allir gamlir vinir úr Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Blanda hefðum hjá Tacoson

**Þrír vinir úr Vesturbænum hafa opnað matarvagn og selja þar taco. Vagninn nefna þeir Tacoson, til að blanda saman erlenda matarheitinu og íslensku nafnahefðinni.**

Þrír gamlir vinir úr Vesturbænum fengu þá flugu í höfuðið að opna taco-vagn í Reykjavík. Nú nokkrum mánuðum síðar er vagninn kominn í gagnið og segir einn eigendanna viðtökurnar langt framar vonum. Fréttablaðið fékk að heyra í Adam Karli Helgasyni og spyrja hvernig það æxlaðist að þeir hófu að reka suðrænan matarvagn á norðurhjara veraldar.

„Baldvin Oddsson vinur minn hefur verið búsettur erlendis í rúmlega átta ár, þá mestmegnis í New York. Hann er tónlistarmaður. Hann spilar á trompet og hefur meðal annars spilað á Broadway. Í New York er eins og flestir vita mjög fjölbreytt matarmenning og þá sérstaklega þegar það kemur að matarvögnum,“ svarar hann.

Adam segir Baldvin hafa mikið langað að flytja þessa miklu matarvagnamenningu til Íslands.

„Það hafa auðvitað margir reynt þetta með misgóðum árangri. En hann langaði að koma með sínar hugmyndir inn á matarvagnamarkaðinn hér og hafði samband í við mig og spurði hvort ég hefði áhuga.“

Adam hefur verið í matargeiranum í sjö ár og er lærður í hótelstjórnun og veitingahúsarekstri, og því lá vel við fyrir Baldvin að leita til hans.

„Við komumst svo að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að það vantaði taco-vagn á landið. Næsta skref hjá okkur var að finna kokk og við hugsuðum báðir til Ólafs Ágústs Pedersen sem er úr Vesturbænum eins og við. Hann er núna á Kol, hefur verið á Grillinu og Burro og er gríðarlega reynslumikill.“

> NÆST TÓK VIÐ TILRAUNASTARFSEMI Í ELDHÚSINU ÞAR SEM VIÐ PRUFUÐUM OKKUR ÁFRAM. VIÐ VORUM ALLIR MEÐ HUGMYNDIR UM HVAÐ OKKUR LANGAÐI AÐ GERA.

Ólafur hafði áhuga á að vera með í verkefninu og í kjölfarið fóru hjólin að snúast.

„Næst tók við tilraunastarfsemi í eldhúsinu þar sem við prufuðum okkur áfram. Við vorum allir með hugmyndir um hvað okkur langaði að gera. Enn sem komið er höfum við auðvitað ekki náð að framkvæma það allt, en við stefnum á að vera með róteringu á matseðlinum. Bara að hafa alltaf ferskan seðil og að sjá hvað virkar. Ætlum líka að vera óhræddir við að prófa nýja hluti,“ segir Adam.

Vagninn var fluttur inn frá Wales upphaflega en strákarnir fundu hann á Bland.is.

„Því næst fórum við í að gera vagninn upp eða svo hann hentaði í reksturinn. Það tók nokkra mánuði. Næst fórum við í lógóið sem er víkingur að borða taco. Auðvitað er það svolítið þverstæðukennd hugmynd en Baldvin kom með hana. Nafnið og lógóið kemur út frá því að blanda saman þessum andstæðum, víkingnum með taco. Svo náttúrulega tengja útlendingar svo mikið við nafnahefðina, að við séum flest -son eða -dóttir, og úr varð nafnið Tacoson.“

Hann segir það alveg í myndinni að stækka síðar við sig og opna veitingastað gangi vagninn vel.

„Okkar helsta markmið var að stilla verðinu í hóf. Eins og við vitum öll getur verið ótrúlega dýrt að fara út að borða í bænum. Við erum oftast í Mæðragarðinum sem er einmitt á milli á Menntaskólans í Reykjavík og Kvennaskólans. Okkur langaði til að geta boðið nógu hagstætt verð til að nemarnir gætu kannski komið í hádeginu.“

Hann segir þá því frekar spila inn á einfaldleikann en að hafa matinn endilega svakalega flókinn.

„Já, við erum að taka smá svona Ikea-aðferðina,“ segir Adam hlæjandi að lokum.

Vagninn verður á Secret Solstice-hátíðinni um helgina og er alla virka daga frá klukkan 11-21 í Mæðragarðinum.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO



# 30%

**Tilboðsverð**

## Gasgrill

MONARCH 390 er með fimm brennurum (3 aðal, einn hliðar- og einn Rotisserbrennari). Ryðfrítt eldunarkerfi. Grillgrindur úr pottjárni.

**86.797**

50657509

Almennt verð: 123.995

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3+2

Yfirbreiðsla: 9.995
50657602

Broil King
Great Barbecues Every Time

---

Broil King
Great Barbecues Every Time



**Tilboðsverð**

## Gasgrill

ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**49.995**

50657512

Almennt verð: 69.995

29%

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

Yfirbreiðsla: 15.995
50657598

---

NAPOLEON
ROGUE
INFRARED SIZZLE ZONE



**Tilboðsverð**

## Gasgrill

ROGUE RSE425SIB. SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari. Grillgrind 60x45cm. Grillgrindur úr pottjárni.

**139.997**

506600052

Almennt verð: 199.995

30%

Kílóvött 16,6 | Brennarar 3+2

---

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.
Tilboð gilda til 26. júní, eða á meðan birgðir endast.



# 25% afsláttur
af öllum hjólum



# 25% afsláttur
af öllum sumarblómum, trjám og runnum

---

RYOBI



**Tilboðsverð**

## Bensínorf

POWRXT 1,4KW, 55cc 2 strokka vél sem er auðvelt að kveikja á.

**34.997**

7133002545

Almennt verð: 49.995

30%

---

**Tilboðsverð**

Einhell

## Bensínsláttuvél

GC-PM 46 B&S, sláttuvél með drifi, fjórgengis B&S mótor, 1,65 kW, sláttubreidd 46 cm, 9 hæða-stillingar, 50 lítra safnpoki

**55.997**

748300654

Almennt verð: 79.995

30%



---

# 25% afsláttur
af öllum hekk-klippum



---



*Þú færð allt*
# PALLA-EFNIÐ
hjá okkur

REIKNAÐU ÚT ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur



## Ástin á yfirvigtinni

Sumarið 2002 varð ég mamma þegar dásamleg dóttir fæddist í upphafi HM í fótbolta. Næturmjaltirnar fóru saman við leikjaplan í Japan og Suður-Kóreu og allt var eins og það átti að vera. Móðurhlutverkið breytti lífinu og hvernig ég skynjaði aðstæður (hættur alls staðar), hvernig ég svaf (svaf ekki) og sem mamma veit ég að til er ást sem er engri annarri lík. Stærsta breytingin varð þó vitaskuld á því hvernig ég pakka fyrir ferðalög.

Sem mamma finnst mér notalegt að líta yfir farþegahópinn í flugtaki og vita að ég er með lyf og hitalækkandi stíla fyrir allan hópinn. Með ferðaapótekinu mínu hef ég unnið með hugmyndafræði lækna án landamæra og er með allar stærðir plástra og sárabinda, verkjalyf og hitalækkandi, magasýrutöflur, smyrsli og kælandi krem, bómullargrisjur og sótthreinsi. Ég vil getað líknað sjúkum og gæti í sjálfu sér framkvæmt einfaldari skurðaðgerðir í flugi. Eftir að fréttir af flugdólgum tóku að berast er ég alltaf með rúllu af sterku límbandi meðferðis.

Við mæðgur flugum í vikunni með 50 kíló af fatnaði á áfangastað þar sem við klæðumst sundbol. Saumaboxið er meðferðis þar sem ég er með nál, skæri, nælur og auðvitað tvinna í helstu grunnlitum. Við erum með snyrti- og hárvörur og ýmis hreinsandi töfrakrem upp á nokkur kíló. Og ég er með flísatöngina ef erfiða hárið kemur.

Móðurhlutverkið hefur kennt mér nokkrar lexíur. Ein er að sumt er bara eins og það er. Það veitir mér til dæmis djúpstæða hugarró að vera undir öll ósköp heimsins búin á ferðalagi; vetrarstorm, óvænt boð með áskilnaði um síðkjól og sjónvarpsförðun, eða bráðaaðgerð. Að loka blýþungum ferðatöskunum vitandi að ég er reiðubúin er hluti af ferðalaginu.







